



SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um ástandið í heilbrigðismálum. **15**



MENNING Rétturinn til letinnar eftir Paul Lafargue komin út á íslensku. **20**



LÍFIÐ Bjöllukórinn heldur í utanlandsferð og kemur fram í Carnegie Hall. **30**



SPORT Dagný Brynjarsdóttir klárar tímabilið með Selfossliðinu. **26**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

22. júní 2015

144. tölublað 15. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Læknar stjórna lyfjum

Ábyrgð á ávísunum lyfja liggur hjá læknum og magnbundið verð ávanabindandi lyfja hefur ekkert með ofnotkun þeirra að gera. Þetta segir dósent í lyfjafræði sem gagnrýnir landlækni. **12**

Prjú þúsund Breiðhyltingar í átaki

Tilraunaverkefnið Menntun núna náði til þriggja þúsunda Breiðhyltinga. **4**



Mismunad eftir íþróttagreinum

Hafnarfjarðarbær mismunar eftir aldri, fjárhagsstöðu foreldra og þeirri íþróttagrein sem börn velja þegar kemur að niðurgreiðslu sveitarfélagsins til barna. **6**



3 SÉRBLÖÐ Fasteignir | Þvottur | Fólk



Fjárfestar kaupa í Alvogen

Hluthafahópur hefur keypt meirihluta í lyfjafyrirtækinu Alvogen. Heildarvirði fyrirtækisins metið 270 milljarðar króna. Um 80 manns vinna hjá fyrirtækinu sem vinnur nú að byggingu Hátækni-seturs í Vatnsmýri.

VIÐSKIPTI Hluthafahópur, undir forystu alþjóðlegu fjárfestingasjóðanna CVC Capital Partners og Temasek, hefur keypt meirihluta í bandaríska lyfjafyrirtækinu Alvogen. Kaupverðið er ekki gefið upp, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins miðast heildarvirði Alvogen í þessum viðskiptum við 270 milljarða króna.

Alþjóðlegar höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Íslandi og Róbert Wessman er forstjóri þess. Hann verður áfram leiðandi hluthafi. Á Íslandi starfa um 80 manns á vegum Alvogen og það vinnur nú að byggingu nýs Hátækni-seturs í Vatnsmýri.

Alvogen er í dag starfandi í 35 löndum og hjá fyrirtækinu starfa um 2.300 starfsmenn. Róbert Wessman sem verður áfram forstjóri fyrirtækisins segir það mikla viðurkenningu að fá jafn öfluga fjárfestingasjóði til liðs við Alvogen.

„Þeir hafa trú á okkar framtíðarsýn, þ.e. að byggja upp leiðandi fyrirtæki í heiminum á okkar sviði. Þessir sjóðir hafa skuldbundið sig til að styðja við framtíðarvöxt Alvogen með þekkingu sinni og fjármagni,“ segir Róbert.

Alvogen hefur ekki gefið út rekstrartekjur sínar en samkvæmt heimildum Fréttablaðs-

ins eru tekjur fyrirtækisins yfir 100 milljarðar króna á þessu ári og rekstrarhagnaður um 30 milljarðar króna. Fjárfestingasjóðirnir CVC og Temasek eru í hópi stærstu fjárfestingasjóða í heiminum í dag og nema heildarumsvif þeirra um 290 milljörðum bandaríkjadala eða um 38 þúsund milljörðum íslenskra króna.

„Vöxtur fyrirtækisins hefur verið mikill undanfarið sex ár og erlendir fjárfestingasjóðir og önnur lyfjafyrirtæki fylgst náið með Alvogen. Innkoma nýrra hluthafa mun styðja enn frekar við okkar framtíðarsýn og styðja við framtíðarvöxt fyrirtækisins.“

Þessir sjóðir hafa skuldbundið sig til að styðja við framtíðarvöxt Alvogen með þekkingu sinni og fjármagni.

Róbert Wessman, forstjóri Alvogen.

Þessir sjóðir sjá hversu góðum árangri við höfum náð á skömmum tíma, en það sem ræður þó mestu um ákvörðun þeirra að fjárfesta í Alvogen nú er trú þeirra á lykilstjórnendum félagsins og framtíðarsýn okkar,“ útskýrir Róbert.

- kak



STAGE SIGLIR UM SUNDIN Seglskipið Georg Stage hýsir sextíu ungmenni sem læra sjómennsku með verklegum hætti. Birgitta Michaelsdóttir skráði sig til náms eftir framhaldsskóla á Íslandi. „Við höfum komið við á Englandi og Írlandi, erum núna á Íslandi og munum koma við í Færeyjum, Orkneyjum, Kristiansand, Álaborg og Kristjánsey,“ segir hún. Sjá síðu 2

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Gengið var fram hjá hæfri lögreglukonu við ráðningu í yfirmannsstöðu:

Ráðuneytið braut jafnréttislög

LÖGREGLAN Úrskurðarnefnd jafnréttismála hefur úrskurðað að innanríkisráðuneytið hafi farið á svig við jafnréttislög við skipun þriggja karla í embætti aðstoðaryfirlögregluþjóna.

Það er mat úrskurðarnefndarinnar að þau atriði sem lágu til grundvallar við mat á hæfni umsækjenda hafi hampað körlum innan lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á kostnað kvenna. Hæfnisnefndin mat stjórnunarstöður innan lögreglunnar til að mynda herra en sambærilega reynslu annars staðar frá.

Fáar konur hafa gegnt stjórnunarstöðum innan lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og því var ljóst að mun líklegri var að karl-

ar kæmu til greina í embættið. Í ráðningarferlinu voru níu spurningar lagðar fyrir umsækjendur. Vægi spurninganna var fimmtíu prósent á móti öðrum fimmtíu prósentum sem byggðu á frammistöðu í sjálfu ráðningarviðtalinu.

Þegar niðurstöður voru teknar saman og frammistaða umsækjenda metin var ákveðið að sleppa gildi tveggja spurninga. Spurning um tungumálakunnáttu og spurning um aðra starfsreynslu en innan lögreglunnar fengu því ekkert vægi.

Konan sem kærði ráðninguna, Gná Guðjónsdóttir, hafði víðtæka stjórnunarreynslu bæði innan lögreglunnar á höfuðborgarsvæð-



Ég hafði heyrt ráðherra segja að hlutirnir myndu breytast og konum myndi fjölga.

Gná Guðjónsdóttir, fyrirverandi lögreglukona.

inu og erlendis. Hún hafði meðal annars gegnt stjórnunarstöðu við friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna í Líberíu. Hún komst ekki í lokaúrtak við ráðninguna.


- snæ / sjá síðu 10

Pinex® Smelt

Munndreifitöflur 250 mg



Actavis



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalgestur á tölublað 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.–mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

VEÐUR



Á morgun er útlit fyrir fyrir hæga norðlæga átt eða hafgölu suðvestanlands. Skýjað með köflum víðast hvar en skýjað að mestu austan til á landinu. Það verður áfram hlýtt í veðri á suðvestan- og vestanverðu landinu, en annars er hiti 6 til 12 stig.

SJÁ SÍÐU 18

Bæjarstjóri Kópavogs segir að til langs tíma muni kaup á nýrri skrifstofu skila sér í miklum ábata: Flutningur bæjarskrifstofu skapar sparnað

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Eftir nokkra skoðun innandyra hjá okkur komumst við að því að hagkvæmni gæti verið nokkur, sérstaklega ef horft er á peningahlíðina,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarsjóri Kópavogs.

Umtalsverðri vinnu hefur verið varið í að greina kosti þess að flytja bæjarskrifstofu Kópavogs úr Fannborg í Norðurturn við Smáralind. Bæjarstjóri Kópavogs mun á næstunni taka fyrir tillögu um að veita Ármanni

umboð til að ganga til samninga um kaup á nýju húsnæði.

„Í þessu felst fyrst og fremst hagkvæmni, rýmið nýtist mun betur. Við erum að fækka fermetrum úr um það bil 4.700 í 3.500. Við förum úr þessu hólf- aða skrifstofurými og það verður meira um opið rými. Þetta held ég að henti betur, auki flæði meira og skapi betri þjónustu fyrir bæjarbúa,“ segir Ármann.

Fjárhagslegur ábati af flutningunum gæti verið um 2 millj-

arðar króna á 25 árum. Þá er líklegt að sala fasteigna bæjarins við Fannborg muni skapa minni lánsþörf fyrir bæinn.

„Lánsþörfin verður minni með tilliti til sölu á gömlu skrifstofunni. Þörfin væri þá upp á núll til 345 milljónir til skamms tíma en til langs tíma skapar þetta sparnað sem er mjög hagkvæmt fyrir bæinn og skapar fjármuni sem má nýta til að greiða niður skuldir.“



NORÐURTURN Ármann segir nýja rýmið mun nútímalegra.

- SFS

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Í VARMA OG VELLÝSTINGUM Pau Takara Bushnell, Lindsey Spekman og Efrain Quintan frá Kaliforníu sögðu hátíðina vera einstaka upplifun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Tónlistarhátíðinni Secret Solstice lauk í gærkvöldi:

Þúsundir nutu tónlistarinnar

FÓLK Fjöldi fólks naut tónlistar á hátíðinni Secret Solstice sem lauk í Laugardalnum í gærkvöldi með tónleikum Wu Tang Clan. Veðrið lék við hátíðargesti og þeir sem best gerðu við sig keyptu sig í heita pottinn sem var í átta metra hæð á svæðinu. Fjöldi tónlistarmanna steig á svið og leynigestur hátíðarinnar var bandaríski rapparinn Busta Rhymes.

- kóp

Hnúturinn er að leysast:

Samkomulag í fæðingu á þingi

ALÞINGI Þingfundur verður í dag klukkan 15, en Alþingi hefur ekki fundað síðan á þriðjudag. Þá var fundum ítrekað frestað eftir að tilkynnt var um fyrirhugaðar breytingar sjávarútvegsráðherra á því hvernig fyrirkomulag makrílveiða yrði.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er samkomulag í fæðingu. Það felst meðal annars í því að horfið verður frá tillögu meirihluta atvinnuveganefndar, undir forystu Jóns Gunnarssonar, um að fjölga þeim virkjanakostum sem færast í nýtingarflokk.

- kóp

Stefnir í góða veðurviku:

Sól og blíða í kortunum

VEÐUR „Það verður áfram flott veður á landinu öllu nema kannski Suðausturlandi,“ segir Sibylle von Löwis of Menar, hópstjóri veðurmælikerfa hjá Veðurstofu Íslands. Það ætti ekki að hafa farið framhjá neinum að sú gula hefur látið sjá sig í ríkara mæli að undanförunni heldur en landsmenn hafa vanist.

Sólin mun halda áfram að skína næstu daga þó líklega verði nokkrum gráðum svalara en í gær. Hitinn í gær varð mestur 19°C á nokkrum stöðum, til dæmis í Húsafelli og á Þingvöllum.

- jõe

Fór beint úr Kvennó að læra sjómennsku

Birgitta Michaelsdóttir er tuttugu ára nemandi á danska skólaskipinu Georg Stage. Hún býr um borð í seglskútunni með sextíu öðrum nemendum. Hún segir að þó að það sé þröngt um fólk sé námið mikil og skemmtileg áskorun.

SJÓMENNASKA „Það getur verið frekar mikil prumpulykt hérna á næturnar,“ segir Birgitta Michaelsdóttir, nemandi á skólaskipinu Georg Stage.

„Við erum 60 manns um borð í skipinu og það getur verið mjög þröngt. Við búum í einu rými neðan þilja þar sem við sofum, borðum og förum í kennslustundir. Síðan sofum við í hengirúmum á næturnar og það verður afar þröngt. Þetta er mikil áskorun en mjög skemmtilegt,“ segir hún.

Birgitta, sem er tvítug, ákvað eftir útskrift úr Kvennaskólanum að prófa eitthvað algerlega nýtt.

Hún flutti til Danmerkur og sótti um nám í sjómennsku á skólaskipinu Georg Stage.

„Mig langaði að gera eitthvað nýtt og mig langaði aðallega til að ferðast,“ segir hún.

Georg Stage er danskt skólaskip og þriggja mastra seglskúta sem var smíðuð árið 1934.

„Maðurinn sem lét smíða skipið nefndi það eftir syni sínum sem dó ungur,“ segir Birgitta.

Skipið er nefnt eftir Georg Stage, syni Fredriks Stage, sem dó úr berklum árið 1880. Sýn Fredriks var að efla þjálfun danskra sjómanna með verklegum aðferðum og lét hann því smíða upphaflega skólaskipið Georg Stage árið 1882, seinna skipið var smíðað árið 1934.

Nemendur á skipinu munu verða á siglingu í fimm mánuði um Norður-Atlantshaf.

„Við höfum komið við á Englandi og Írlandi, erum núna á Íslandi og munum síðan koma við í Færeyjum, Orkneyjum, Kristiansand,



VIÐ STÝRIÐ Birgitta hefur margoft stýrt seglskipinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Álaborg og Kristjánsey,“ segir Birgitta.

„Hér lærum við allt sem sjómenn þurfa að kunna sem þýðir að við lærum hluti eins og siglingafræði og vélfræði. Við lærum allt um skip, ekki bara seglskip. Lærum til dæmis hvernig skrúfan virkar og hvernig maður stýrir,“ segir hún en Birgitta hefur margoft stýrt skipinu sjálf en nemendurnir skiptast á að stýra.

„Síðan lærum við mikið á reipin. Við lærum að nota kraft reipisins og margt er unnið með handafla. Við erum með sjö kílómetra af reipi á skipinu sem er mjög mikið.“

Birgitta gæti hugsað sér að vinna við siglingar í framtíðinni.



STÝRT MEÐ HANDAFLI Sjö kílómetrar af reipi eru um borð í Georg Stage.

„Það eru reyndar ekki mörg svona skólaskip eftir í heiminum en ég gæti hugsað mér að vinna á seglskipi. Það væri auðvitað gaman að geta verið í heitari löndum.“

stefanrafn@frettabladid.is

Danski Þjóðarflokkurinn leggur fram fjögur skilyrði fyrir ríkisstjórnarsetu: Lökke fær umboð til viðræðna

DANMÖRK Margrét Danadrottning veitti Lars Lökke Rasmussen, leiðtoga Venstre, umboð til að mynda nýja ríkisstjórn í Danmörku.

Leiðtogar allra stjórn mála flokkanna hafa fundað með drottningunni undanfarna daga og veitti hún Lökke umboðið eftir að leiðtogar danska Þjóðarflokksins, Frjálslynda bandalagsins og Íhaldsflokksins mæltu með því að Lökke fengi að fara með stjórnarmyndunarumboð.

Stjórn mála skýr endur í Danmörku telja líklegt að Lökke muni mynda minnihlutastjórn með stuðningi nokkurra hægriflokka þar sem flokkarnir eru samála um nokkur lykilatriði á borð við hvernig skuli háta opinberum útgjöldum.

Danski Þjóðarflokkurinn vann óvænt mikinn kosningasigur síðastliðinn fimmtudag en hann er nú annar stærsti flokkurinn á eftir Jafnaðarmannaflokknum.

Þjóðarflokkurinn hefur þegar lagt fram fjögur skilyrði fyrir setu í ríkisstjórn en flokkurinn vill að ríkisstjórnin taki upp skéttiskari Evrópustefnu, innleiði landamæraeftirlit, takmarki innflutning og móttöku flóttamanna auk þess að auka opinber útgjöld um 0,8 prósent.

- SFS



Á LEIÐ FRÁ DROTTNINGUNNI Lars Lökke mun að öllum líkindum mynda minnihlutastjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Einstakkt tækifæri! **SJÓÐHETUR** Ótrúlegt verð!

SÓLARSPRETTUR

í sólarhring!

Hefst í dag kl. 12

plús **FERÐIR**

www.plusferdir.is

50

FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI

TOYOTA

MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

YARIS TREND

HEFURÐU KEYRT ÞAÐ NÝJASTA?

ISLENSKUSALSTÖFV 79000 0015

Verð frá: 2.660.000 kr.

YARIS TREND SÉRSTÖK HÁTÍÐARÚTGÁFA Í TILFNI AF 50 ÁRA AFMÆLI TOYOTA Á ÍSLANDI.

Yaris Trend er hátíðarútgáfan af einum vinsælasta bíl seinni ára. Hann er með háþróað margmiðlunarkerfi, öruggur, hagkvæmur og lipur í akstri. Hér er hann mættur, enn betur búinn en áður: filmur í rúðum, álfelgur, heilsársdekk og krómlistar að aftan og á hliðum. Hvort sem þú velur bensín-, dísil- eða hybrid-útgáfuna þá verður hann alltaf ómótstæðilega flottur.

Komdu þér í kynni við Yaris Trend hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM*



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá
nýja Toyotu afhenta í júní**

SPURNING DAGSINS



Inga, eru álfar kannski menn?

Eða menn kannski álfar?

Inga Björk Ingadóttir, músíkmeðferðarfræðingur og eigandi Hljómu, lék á lýru á Álfahátíð í Hellsgerði á laugardag.

Sparisjóður Norðurlands hefur náð samkomulagi um samruna:

Rennur saman við Landsbankann

VIÐSKIPTI Sparisjóður Norðurlands gerði samkomulag við Landsbankann í gær, þess efnis að hafinn verði undirbúningur að samruna þessara tveggja fjármálafyrirtækja undir merkjum Landsbankans.

Í tilkynningu frá Landsbankanum kemur fram að stjórn sparisjóðsins hafi leitaði til Landsbankans þann 9. júní 2015 til að kanna áhuga á samruna vegna óvissu um framtíð sjóðsins.

Sameinað fyrirtæki yrði rekið undir nafni Landsbankans og við

samrunann rynnu allar eignir og skuldbindingar sparisjóðsins inn í Landsbankann og hann tæki við rekstri allra útibúa sjóðsins.

Eiginfjárlutfall Sparisjóðs Norðurlands var 8,2 prósent í árslok 2014 sem er undir þeirri eiginfjárkröfu sem Fjármálaeftirlitið gerir til sparisjóðsins. Rekstur sjóðsins hefur verið viðunandi en niðurfærslur eigna í kjölfar endurmatss þeirra hafa valdið neikvæðri rekstrarafkomu.

- ngy



LANDSBANKINN Stjórn Sparisjóðsins telur að með samrunanum verði óvissu eytt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Taldir hafa farið 500 km: Strokufanga leitað í smábæ

BANDARÍKIN Lögreglan í Bandaríkjunum leitar nú strokufanganna Richards Matt og Davids Sweat í smábænum Friendship í suðvesturhluta New York-ríkis. Íbúar bæjarins, sem eru um tvö þúsund talsins, hafa verið varaðir við því að nálgast nokkurn sem gæti verið annar hvor fanganna.

Þeir Matt og Sweat struku úr rammgerðu fangelsi í ríkinu fyrir 16 dögum. Ef rétt reynist að þeir séu í bænum Friendship hafa þeir lagt 500 km að baki.

- shk



NÆSTA KYNSLÓÐ Skipin eru mun umhverfisvænni en forverarnir. MYND/R&R

Endurnýjun eftir 20 ár:

Samherji smíðar tvö ný skip

SJÁVARÚTVEGUR Eigendur Samherja og stjórnendur Deutsche Fishfang Union (DFFU) undirrituðu fyrir helgi samning um smíði tveggja skuttogara við norsku skipasmíðastöðina Kleven í Álasundi. Skipin eru hönnuð af Rolls Royce.

Haraldur Grétarsson, framkvæmdastjóri DFFU, segir að þetta séu fyrstu nýsmíðar félagsins frá því Samherji keypti félagið og löngu tímabært skref. Skipin séu eins og þau gerast best í dag, allar aðbúnaður áhafnar verður til fyrirmyndar og vinnuástaða eins og best gerist.

- shá

60 milljónir flóttamanna:

Metfjöldi fólks á vergangi

FLÓTTAMENN António Guterres, framkvæmdastjóri flóttamannamála hjá Sameinuðu þjóðunum, kallar eftir því að þjóðir heimsins endurnýi skuldbindingar sínar gagnvart sáttmála um málefni flóttafólks frá árinu 1951.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Guterres síðastliðinn laugardag, alþjóðlega flóttamannadaginn.

Hann segir að aldrei hafi jafn margir verið á flóttu, en árið 2014 var metár í fjölda flóttamanna á vergangi.

Um 60 milljónir manna eru á flóttu í dag.

- sfs

Þjónar þremur stýrikerfum:

QuizUp líka fyrir Windows

VIÐSKIPTI Spurningaleikurinn QuizUp er nú fánlegur fyrir Windows-síma.

Fram til þessa hefur einungis verið hægt að spila leikinn í tækjum sem keyra á iOS-stýrikerfinu og á Android-tækjum.

Markaðshlutdeild Windows-stýrikerfisins er lítil og úrval appa fyrir eigendur Windows síma eftir því.

Í QuizUp eru yfir 600 þúsund spurningar í 1.200 flokkum og spila virkir notendur rúmlega 7 milljónir leikja á dag. Önnur kynslóð leiksins kom út í lok maí og er meiri áhersla lögð á samskipti og að tengja spilara saman.

- gló



BRITISH AIRWAYS Maðurinn féll úr flugvél British Airways. MYND/AFP

Á leið frá Afríku til Evrópu:

Laumufarþegi féll úr flugvél

LONDON Laumufarþegi féll úr flugvél yfir London á föstudag og lenti á verslun með þeim afleiðingum að hann lést. Frá þessu greinir Sky News.

Vélin var á leið frá Jóhannesborg í Suður-Afríku til London og átti atvikið sér stað hjá Heathrow-flugvelli í London.

Hann og annar maður eru taldir hafa haldið til í lendingarbúnaði farþegaþotunnar á meðan hún flaug tæplega þrettán þúsund kílómetra.

Hinn maðurinn er alvarlega slasaður á sjúkrahúsi í London og þykir það kraftaverk að hann hafi lifað flugið af.

- ngy



ÚTSKRIFT

MÍMIS Nemendur útskrifaðir úr námskeiðum styrktum af vefefninu Menntun núna.

MYND/MENNTUN NÚNA

Þrjú þúsund í áttakinu Menntun núna

Tilraunaverkefnið Menntun núna náði til þriggja þúsunda Breiðhyltinga. Áhersla lögð á fræðslu í nærsamfélaginu með námskeiðum og að ná til brotthvarfsnema. Árangurinn svo góður að verkefninu verður haldið áfram að einhverju leyti.

MENNTUN Um þrjú þúsund einstaklingar hafa á einn eða annan hátt notið góðs af tilraunaverkefninu Menntun núna í Breiðholti sem hófst fyrir tæpum tveimur árum en er nú lokið. Árangurinn þykir svo góður að halda á verkefninu áfram þótt það verði minna í sniðum. „Við í Breiðholti ætlum að halda áfram að hittast og vinna saman. Það fækkar í framkvæmdateymi verkefnisins en við ætlum að þróa áfram tækifæri til menntunar,“ segir Óskar Dýrmondur Ólafsson, hverfisstjóri í Breiðholti.

Menntun núna var tilraunaverkefni menntamálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar, aðila vinnu- markaðarins og fræðslustofnana. Í verkefninu var lögð áhersla á fræðslu í nærsamfélaginu, að efla innflytjendur, sem eru fjölmennir í Breiðholti, með íslenskunámi og samfélagsfræðslu. Svokallaðir brúarsmiðir fengu þjálfun í að aðstoða samlanda sína við að nýta

tækifæri sín í nýju landi. „Meðal námskeiðanna var leiðtoganámskeið fyrir konur sem var mjög vel sótt og árangursríkt. Með því var verið að virkja konur sem leiðtoga í sínu nærsamfélagi,“ greinir Ólafur frá.

Jafnframt var lögð áhersla á að ná til brotthvarfsnema á svæðinu. „Haft var samband við um 600 manns sem horfið höfðu frá námi og þeim veitt viðtöl við ráðgjafa eða boðin önnur úrræði. Við teljum að 100 manns hafi beinlínis hafið aftur nám eftir íhlutun. Við erum búin að sá fræjum. Fólk fær hvatningu og ráðgjöf. Það veit oft ekki hvaða tækifæri bjóðast til að fara aftur í nám,“ tekur Óskar fram.

Auk Breiðholts hefur verkefnið Menntun núna verið í gangi í Norðvesturkjördæmi. Markmiðið þar var að efla ráðgjöf til fyrirtækja um nám á vinnustað í kjördæminu, auka samstarf atvinnulífs og fræðsluáðila þar um starfstengt nám, fjölga einstaklingum sem



Meðal námskeiðanna var leiðtoganámskeið fyrir konur sem var mjög vel sótt og árangursríkt. Með því var verið að virkja konur sem leiðtoga í sínu nærsamfélagi.

Óskar Dýrmondur Ólafsson, hverfisstjóri í Breiðholti

ljúka iðnnámi og efla íslenskukunnáttu innflytjenda í kjördæminu. Verkefnið var liður í átaki til þess að hækka menntunarstig í íslensku atvinnulífi. Sömu aðilar og komu að verkefninu í Breiðholti komu að því í Norðvesturkjördæmi.

ibs@frettabladid.is

Reykvíkingur ársins 2015 opnaði Elliðaárnar og landaði marúlaxi sínum:

Hefur látið til sín taka í flokkun

SAMFÉLAG Þroskaþjálfinn Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir er Reykvíkingur ársins 2015.

Hanna Guðrún hefur látið til sín taka þegar kemur að flokkun á rusli og umhverfisvernd en hún er búsett í Kóngsbakka í Neðra-Breiðholti og var tilnefnd af nágranna sínum.

Hún hefur verið formaður húsfélagsins í Kóngsbakka um nokkurra ára skeið og staðið fyrir fræðslustarfi um flokkun sem leitt hefur til þess að sorptunnum hefur verið fækkað um tvær í hverjum stigagangi og flokka íbúar nú allan pappír og pappa frá almennu heimilissorpi.

Sjálf slær Hanna Guðrún ekki slöku við og flokkar einnig plast, málma og lífrænan úrgang frá heimilissorpi sínu og notar að auki þann lífræna úrgang sem til fellur til moltugerðar.

Á laugardagsmorgun opnaði Hanna Guðrún Elliðaárnar í boði borgarstjóra og Stangaveiðifélags Reykjavíkur og um hálf átta landaði hún marúlaxi sínum sem var 62 sentimetrar að lengd. „Hann bragðaðist mjög vel, það er alltaf gott að fá svona nýveiddan og nýgenginn lax,“ segir Hanna Guðrún sem var búin að matreiða fenginn og flokkaði að sjálfsögðu lífræna úrganginn.

- gló



ÁNÆGD Hanna Guðrún með laxinn sem hún veiddi við opnun Elliðaána á laugardagsmorgun. MYND/ADSEND

Frá kr. **124.900**

2. júlí í 11 nætur

Krít **2** FYRIR **1**

Porto Platanias Village

Netverð á mann frá kr. 124.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 159.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

SKRÁNING ER HAFIN Á MARATHON.IS

Miðnæturhlaup Suzuki fer fram að kvöldi 23.júní 2015 í tuttugasta og þriðja sinn. Þrjár vegalengdir eru í boði: hálfmaraþon, 10 km og 5 km.

Hlaupið hefst og endar í Laugardalnum. Að því loknu er öllum þátttakendum boðið í Laugardalslaugina.

5 KM

10 KM

21 KM



VEISTU SVARID?



1. Af hvaða tilefni var stórleikkonan Geena Davis stódd hér á landi?
2. Ferðamenn frá hvaða landi eyða mestu á barnum?
3. Hvaða hljómsveit gefur út tónlist sína á USB-lykli?

SVÖR
2015. 2. KSSÍ
1. Davis hlitti erindi á ráðsæðingunni! W

Framkvæmdastjóri CCP, rektor Háskóla Íslands og stjórnarformaður Vísindagarða undirrituðu samning: CCP flytur höfuðstöðvarnar í Vatnsmýrina

TÆKNI Samningur um flutning á starfsemi tölvuleikjarisans CCP í nýbyggingu, sem mun rísa á svæði Vísindagarða Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni, var undirritaður í Öskju fyrir helgi. Undir samninginn skrifuðu Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, og Hilmar Bragi Janusson, stjórnarformaður Vísindagarða HÍ.

Auk nýrrar aðstöðu CCP verður að finna aðstöðu fyrir fleiri nýsköpunarfyrirtæki í húsinu.

Með nýrri staðsetningu vonast fyrirtækið eftir auknu samstarfi við háskólasamfélagið en CCP var áður til húsa við Grandagarð.

„Ég er sannfærður um að miklir möguleikar eru fólgnir í þeirri samvinnu og uppbyggingaráformum sem fyrirhuguð er í Vísindagörðunum,“ sagði Hilmar Veigar við undirritunina.

„Við fögnum sérstaklega að koma CCP hingad á lóðina skapar grundvöll til að hýsa í sömu byggingu ný sprotafyrirtæki,“ sagði Kristín Ingólfssdóttir.

„Ég er mjög stoltur af því að þetta er að verða að veruleika og tel að það sé til marks um framsýni og metnað forsvarsmanna fyrirtækisins,“ sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, en hann var viðstaddur undirritunina ásamt Illuga Gunnarssyni menntamálaráðherra. - þea



FLUTNINGAR Skrifað var undir samning um flutninga CCP í nýbyggingu í Vísindagörðum Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



UTANRÍKISRÁÐHERRA Yassin sakar Houthi-hreyfinguna um að tefja ferlið. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ekkert vopnahlé um sinn:

Árangurslaus fundur í Genf

SVISS Stríðandi fylkingar í Jemen náðu ekki samkomulagi um vopnahlé á samningafundi í Genf í gær.

Riad Yassin, utanríkisráðherra Jemens, sakar fulltrúa Houthi-oppisnarhreyfingarinnar um að tefja vopnahlésferlið. Hann segir að á endanum muni viðræður skila árangri en ekki hefur verið ákveðið hvenær fulltrúar fylkinganna muni hittast næst.

Átökin hafa skapað neyðarástand fyrir um 20 milljónir Jemena. - srs

Mannskipti í hverfisráði:

Nýr Pírati í Reykjavík

REYKJAVÍK Mannskipti verða í hverfisráði Pírata í Breiðholti, en þar vikur sæti Sigmundur Þórir Jónsson fyrir Hreiðari Eiríksyni. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Pírötum í Reykjavík.

Sigmundur flutti nýverið úr hverfinu og þykir réttast að fulltrúi Pírata í ráðinu sé íbúi í hverfinu.

Þá segir í tilkynningunni að Hreiðar hafi laðast að Pírötum í kjölfar þess að hann sagði sig úr framboði fyrir Framsókn og flugvallarvini í síðustu sveitarstjórnarkosningum. - ngy

Mismunað eftir áhugasviði

Ný greining á íþróttamálum í Hafnarfirði malar svarta mynd af niðurgreiðslum sveitarfélagsins til barna. Skýrslan segir niðurgreiðslurnar mismuna eftir aldri, fjárhagsstöðu foreldra og íþróttgreininum sem börn velja.

ÍÞRÓTTIR „Þetta niðurgreiðsluform er [...] ósanngjarnt og mismunar börnum og unglingum eftir aldri, fjárhagsstöðu foreldra og íþrótt- og tómsundagreinum.“ Þetta segir í nýrri skýrslu um íþróttamál í Hafnarfirði.



HARALDUR L. HARALDSSON

Skýrslan, sem unnin er af ráðgjafarfyrirtækinu R3, malar svarta mynd af niðurgreiðslum sveitarfélagsins til barna sem iðka íþróttir. Fram kemur meðal annars að börn sem stunda fótbolta, fimleika og fleiri greinar fá hærri niðurgreiðslu en börn sem stunda gólfíþróttir og badminton.

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segist búast við því að brugðist verði við vandanum þegar líða tekur á haustið. „Nú setjumst við yfir þessa skýrslu og skoðum hvað við teljum að betur mætti fara,“ segir Haraldur.

Lægstu niðurgreiðslu fá börn á aldrinum sex til tólf ára sem æfa gólfíþróttir, badminton og aðrar keimlíkar greinar, eða um 15.300 krónur á ári.

Hæstu niðurgreiðsluna fá tólf til sextán ára börn sem æfa fótbolta, fimleika og fleira, eða 30.600 krónur á ári.

Hægt er að fá niðurgreiðslu fyrir tvær íþróttagreinar í einu. Þar af leiðir að börn sem æfa tvær íþróttir sem hljóta meiri niðurgreiðslu geta fengið allt að 61.200 krónur á ári. Niðurgreiðslan getur því munað 299 prósentum á milli barna.

Í skýrslunni segir að fyrirkomulagið komi niður á börnum sem eiga foreldra sem ekki hafa efni

MISMUNANDI EFTIR SVEITARFÉLÖGUM

Hafnarfjörður
Niðurgreiðsla fyrir þá sem stunda gólfíþróttir, badminton o.fl.:

• Fyrir börn 6-12 ára er niðurgreiðslan **kr. 15.300**

• Fyrir 12-16 ára er niðurgreiðslan **kr. 22.950**

• Niðurgreiðsla fyrir iðkendur fótbolta, fimleika og annarra greina sem æfðar eru allt árið: Fyrir börn 6-12 ára er niðurgreiðslan **kr. 20.400**

Fyrir 12-16 ára er niðurgreiðslan **kr. 30.600**

Garðabær
Öll börn á aldrinum 5-18 ára fá **27.500 kr. hvatapeninga**

Kópavogur
Öll börn á aldrinum 5-18 ára fá **30.000 kr. frístundastyrk**

Reykjavík
Öll börn á aldrinum 6-18 ára fá **35.000 kr. styrk til frístundaíðkunar**

Mosfellsbær
Öll börn á aldrinum 6-18 ára fá **25.000 kr. frístundaávisun**

á að greiða mismuninn af tveimur íþróttagreinum, eftir niðurgreiðslu.

Þá segir í skýrslunni að sækja verði sérstaklega um niðurgreiðsluna, ólíkt því sem gengur og gerist til dæmis í Reykjavík. Fáir virðist sækja um niðurgreiðsluna og er það mat skýrsluhöfundar að það geti ekki stafað af áhugaleysi foreldra á því að fá tómsundir barna niðurgreiðdar.

Í öðrum sveitarfélögum á höfuð-



Á STÖKKI Fimleikar eru rötgróin íþrótt í Hafnarfirði. Börn sem æfa fimleika fá hærri niðurgreiðslu en börn í öðrum greinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

borgarsvæðinu nær niðurgreiðsla til tómsunda til átján ára aldurs. Þetta á ekki við um kerfið í Hafnarfirði, þar sem börn til sextán ára aldurs fá niðurgreiðslu. Fram kemur í skýrslunni að full ástæða sé til að endurskoða þetta þar sem

mikið brottfall verði úr íþróttum á þessum aldri.

„Skýrslan er þarna og nú ætjum við bara að horfa fram á veginn og vinna úr því sem þar er lagt til,“ segir Haraldur bæjarstjóri.

snaeros@frettabladid.is



- Lifið heil

www.lyfja.is

20% afsláttur
af 100g og 150g Voltaren Gel í júní



Voltaren Gel

Lyfjaauglýsing

Lágmúla
Laugavegi
Nýbýlavegi

Smáralind
Smáratorgi
Borgarnesi

Grundarfirði
Stykkishólmi
Búðardal

Patreksfirði
Ísafirði
Blönduósi

Hvammstanga
Skagaströnd
Sauðárkróki

Húsavík
Þórshöfn
Egilsstöðum

Seyðisfirði
Neskaupstað
Eskifirði

Reyðarfirði
Höfn
Laugarási

Selfossi
Grindavík
Keflavík



Betra og skemmtilegra mannlíf – Samfélagsstyrkir Valitor

Árlega veitir Samfélagssjóður Valitor styrki til valinna verkefna sem bæta og efla mannlífið. Að þessu sinni hlutu **10 verkefni** styrki að heildarupphæð **8 milljónir króna**.

Ferðafélag Íslands til að setja upp skilti með upplýsingum um gönguleiðir í Skaftafelli.

Kór Langholtskirkju ásamt kammersveit til setja upp og flytja Jóhannesarpassíuna eftir Johann Sebastian Bach.

Specialisterne á Íslandi til að þjálfa einstaklinga á einhverfurófinu til að komast út í atvinnulífið.

Litla óperukompaníið til að setja á svið ævintýraóperuna Baldursbrá.

Í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna á Íslandi var ákveðið að styrkja gerð höggmyndar af Ingibjörgu H. Bjarnason sem staðsett verður við Alþingishúsið.

Ritun sögu verslunar og viðskipta á Akureyri frá upphafi til okkar daga.

Öldungaráð Hafnarfjarðar vegna verkefnisins BRÚKUM BEKKI. Fjölga á bekkjum á gönguleiðum í Hafnarfirði til að stuðla að aukinni útvist og hreyfingu hjá eldri borgurum.

Silja Elsabet Brynjarsdóttir til að stunda söngnám við Royal Academy of Music í London.

Sigmar Þór Matthíasson til að stunda kontrabassanám við The New School í New York.

Sólveig Steinþórsdóttir til að stunda fiðlunám við Universität der Künste í Berlín.

VIÐ ÓSKUM STYRKÞEGUM ÖLLUM
INNILEGA TIL HAMINGJU

VALITOR

Nánari upplýsingar um Samfélagssjóð Valitor má finna á www.valitor.is/um-valitor/samfelagssjodur/

SVONA ERUM VIÐ



2.634 MW var uppsett afli í virkjunum á Íslandi í árslok 2010.

Stjórnvöld í Rússlandi íhuga lánveitingar til Grikkja til að bjarga þeim úr fjárhagsvandráðum: Óttast að gert verði áhlaup á gríska banka

GRIKKLAND Stjórnvöld í Rússlandi útiloka ekki að þau muni koma Grikkjum til bjargar í fjárhagsvandráðum þeirra.

Í yfirlýsingu sem skrifstofa Vladímír Pútín, forseta Rússlands, sendi frá sér á föstudag segir að Rússar íhuga lánveitingar til Grikklands. Þar var þó tekið fram að Grikkir hefðu ekki óskað eftir aðstoð.

BBC-fréttastofan segir að áhyggjur af starfsemi grískra banka fari vaxandi en innláneigendur hafa

tekið út milljarða evra af reikningum sínum í þessari viku. Talið er að upphæðin nemi allt að 4 milljörðum evra. Ástæðan er sú að stjórnvöld í Grikklandi hafa frest fram að mánaðamótum til þess að ná samningum við Evrópusambandið um skuldir Grikklands.

Úttektir af reikningum aukast frá degi til dags eftir því sem nær dregur mánaðamótum. Leiðtogar evruríkanna munu koma saman á neyðarfundum á mánudaginn til að ræða stöðuna, en fundur fjár-

málaráðherra ríkja á evrusvæðinu á fimmtudaginn skilaði engum árangri.

Seðlabanki Grikklands hefur sagt að ef samningar takast ekki fyrir mánaðamót megi búast við því að Grikkir þurfi að yfirgefa evrusvæðið og í framhaldinu Evrópusambandið.

- jhh

LEIÐTOGAR HEILSAST Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, hitti Vladímír Pútín, forseta Rússlands.

NORDICPHOTOS/AFP



Beðið eftir messu



OPNAÐ EFTIR ÁRÁSINA Ung stúlka bíður eftir að komast til messu í Emanuel-kirkjunni í Charleston í Norður-Karólínu. Hinn 17. júní skaut Dylann Roof níu manns í kirkjunni til bana. Í gær komu hundruð manna saman í kirkjunni til sunnudagsmessu og til að minnst þeirra sem voru skotnir. Bandaríska alríkislögreglan annast rannsókn málsins en lögreglan rannsakar það líkt og um morð væri að ræða en ekki hryðjuverk. Sú ákvörðun hefur vakið mikla undrun og reiði í samfélagi svartra í Bandaríkjunum en á laugardaginn uppgötvaðist vefsíða með myndum af áráðarmanninum með fána Suðurríkanna auk stefnuyfirlýsingar hans þar sem hann viðrar kynþáttafordóma sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Dagpeningar námu um 4,6 milljónum

Hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar segir hátt hlutfall ferðakostnaðar vera í takt við markaðsstefnu hafnarinnar. Dagpeningar hafnarinnar á árunum 2011-2014 námu um þriðjungi dagpeninga allra stofnana bæjarins sem voru 12,6 milljónir.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Hafnarfjarðarhöfn eyddi um níu milljónum í ferðalög starfsmanna hafnarinnar á árunum 2011 til 2014. Þar af var kostnaður við dagpeninga starfsmanna 4,6 milljónir króna. Til samanburðar eyddu allar aðrar stofnanir Hafnarfjarðarbæjar samanlagt 12,6 milljónum króna í dagpeninga fyrir starfsmenn sína.

Þetta kemur fram í úttekt sem Capacent gerði á Hafnarfjarðarhöfn fyrir bæinn.


Alls var farið í 32 ferðir á tímabilinu sem námu 108 ráðstefnudögum og 132 dögum þar sem dagpeningar voru greiddir út. Hafnarstjórnin, Már Sveinbjörnsson, fór í flestar þessara ferða eða 28 þeirra, ýmist einn eða með öðru starfsfólki hafnarinnar.

Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar, segir að höfnin sé markaðsdrifin höfn og heimsóknir á ráðstefnur og fundi séu partur af markaðsstefnu hafnarinnar.

„Árið 2006 og 2007 var skoðað hvernig mætti markaðssetja höfnina og þá var meðal annars skoðað að leggja áherslu á skemmtiferðaskip. Þetta var ákvörðun sem hafnarstjórnin tók á sínum tíma og við höfum fylgt því,“ segir Már.

Höfnin er aðili að Cruise Iceland og Cruise Europe sem eru samtök um móttöku skemmtiferðaskipa til Íslands. Á þeirra vegum hafa starfsmenn hafnarinnar sótt margar ráðstefnur.

Athygli vekur að árið 2014 fækkar ferðum umtalsvert en það ár var farið í fjórar ferðir og meðal annars var hætt við ferð til



HÖFNIN Áhersla hefur verið á að laða skemmtiferðaskip til hafnarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Miami til að skoða skemmtiferðaskip á vegum Cruise Iceland.

„Við fórum þarna tvisvar á ári til Miami eða til Evrópu á vegum Cruise Iceland. Eftir ráðstefnuna 2013 þá máttum við það svo að þessar ferðir væru ekki að skila okkur ákveðnum ábata þannig að það var hætt við að fara árið 2014.“

Í úttekt Capacent kemur fram að bæjarstjóri Hafnarfjarðar skrifi undir allar dagpeninga-skýrslur.

„Allar greiðslur dagpeninga eru samkvæmt reglum ríkisins og hafa verið kvittaðar af bæjarstjóra,“ segir Már og bendir á



Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri.

að öll gögn um slíkt hafi verið opinber og ekkert sé falið í þeim efnunum.

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, vildi ekki tjá sig um efni úttektarinnar.

stefanrafn@frettabladid.is

Framkvæmdastjórnarskipti hjá Proskahjálpi:

Árni Múli ráðinn

FÉLAGSMÁL Landssamtökin Proskahjálpi tilkynnti á fimmtudaginn um ráðningu Árna Múla Jónssonar í stól framkvæmdastjóra samtakanna. Síðastliðinn tuttugu ár hefur Friðrik Sigurðsson gegnt starfi framkvæmdastjóra en hann mun láta af störfum fyrsta september næstkomandi og mun Árni Múli hefja störf þá.

ÁRNI MÚLI JÓNSSON

Fríðrik mun þó áfram sinna

sérstökum verkefnum fyrir Proskahjálpi.

Árni Múli er ekki ókunnugur stjórnun. Hann hefur í gegn um tíðina starfað sem Fiskistofustjóri, bæjarstjóri Akraness, skrifstofustjóri sjávarútvegsráðuneytisins og sem lögfræðilegur ráðgjafi enda menntaður lögfræðingur með sérmenntun í mannréttindalögfræði.

„Um leið og við þökkum Friðriki Sigurðssyni fyrir ómetanleg störf í þágu samtakanna bjóðum við Árna Múla velkominn og hlökkum til samstarfsins,“ segir í tilkynningu á vef Proskahjálpar.

- þea

Ný skýrsla um meint skattaundanskot verslanakeðjunnar Walmart:

Milljarðar dala í skattaskjólum

SKATTUR Bandaríska verslanakeðjan Walmart hefur komið að minnsta kosti 76 milljörðum dollara fyrir í 78 dótturfyrirtækjum í 15 skattaskjólum. Á viðskiptasíðu Dagens Nyheter er vitnað í skýrslu samtakanna Americans for Tax Fairness, sem hafa kortlagt meint net dótturfyrirtækjanna og skattaskjólanna.

Walmart rekur nú 6.300 verslanir í 27 löndum en á einnig dótturfyrirtæki í fjölda landa án þess að reka þar verslanir, að því er greint er frá í skýrslunni sem kom út í þessari viku.

Þar segir jafnframt að í ársskýrslum Walmart sé ekki greint frá félögum í eigu verslanakeðjunnar í Lúxemborg, Hollandi, Sviss, Írlandi, Bresku-Jómfrúreyjum, Cayman-eyjum, Panama, Barbados og Gíbraltar, en félögin eru sögð vera nokkrir tugir. Talsmaður Walmart, Randy Hargrove, segir skýrsluna ófullkomna og gerða til að villa um fyrir mönnum.

Samtökin Americans for Tax Fairness eru regnhlífarsamtök 425 félaga sem vilja skattaumbætur í Bandaríkjunum.



SKATTASKJÓL Lúxemborg er sögð eitt af mörgum skattaskjólum Walmart.

- ibs



1975 | Bílabúð Benna | 2015

WA!
PÝSK GÆÐI FRÁ OPEL!

Opel Corsa

Verð frá: **2.490.000 kr.**

Útborgun frá aðeins: **249.000 kr.**

Hægt er að velja um fjölbreytt úrval af aukabúnaði.



Ný Corsa

Láttu Opel koma þér á óvart

Corsa var kynntur til sögunnar árið 1982, sló strax í gegn og hefur selst í um 12,3 milljónum eintaka. Það er heilmargt sem kemur á óvart við fimmtu kynslóðina af Corsa. Bíllinn státar af óvenju fullkomnum tækni- og öryggisbúnaði, glæsilegum línum, sprækum vélum og sparneytni, enda hreppti hann titilinn „Best Buy Car of Europe 2015“ – sem segir í raun allt.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bilum

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af láns hæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyllt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

Líklega steypireyður á ferð: Hval rak á land í Breiðafirði

NÁTTÚRA Um 17 metra langan hval rak á landi við Stakksey á Breiðafirði. Líklegt er að hvalurinn hafi strandað og drepist inni í vikinni á laugardagsmorgun. Skessuhorn greindi frá þessu.

Starfsfólk Náttúrustofu Vesturlands skoðaði hvalinn með félögum úr björgunarsveitinni Berserkjum. Líklegt er talið að um steypireyði eða langreyði sé að ræða. Flætt var yfir bakuggann þannig að illa gekk að úrskurða um tegundina. - kóp

Formaður Félags hjúkrunarfræðinga segir ríkið hafa sett of þröngar skorður: Undrast skort á aðgerðaáætlun

KJARAMÁL Ólafur G. Skúlason, formaður Félags hjúkrunarfræðinga undrast að stjórnvöld hafi ekkert brugðist við fjöldauppsögnum hjúkrunarfræðinga.

„Ég tel það mjög alvarlegt ef það er ekki hafist handa við að gera einhverja aðgerðaáætlun til að takast á við þetta vandamál,“ segir Ólafur. Hann segist telja að stjórnvöld geri sér ekki grein fyrir hversu reitt fólk sé orðið. Það virðist vera full alvara á bak við uppsagnirnar. „Það blasir við hættuástand í heilbrigðiskerf-

inu ef til þessara uppsagna kemur.“ Hann segir að lögin hafi sett samningsaðilum of þröngar skorður og hvetji fólk ekki til samninga.

„Það virðist ekki vera mikill samningsvilji hjá stjórnvöldum þar sem ekki hefur verið boðað til fundar frá 10. júní. Þegar maður skoðar þessi lög, þá fela þau í sér þær forsendur að Gerðardómur getur illa komist að annarri niðurstöðu en þegar hefur verið í boði við samningaborðið. Þá er enginn hvati til að semja.“ - þká / srs



MÓTMÆLT Fjöldi hjúkrunarfræðinga hefur sagt upp undanfarna daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÖBÍ skorar á stjórnvöld: Á eftir að fullgilda samning

MANNRÉTTINDI Ísland á enn eftir að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Aðeins fjögur Evrópuríki eiga eftir að fullgilda samninginn, en auk Íslands eru það Finnland, Írland og Holland.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) hefur hrundið af stað undirskriftasöfnun til að skora á stjórnvöld að fullgilda samninginn á haustþingi 2015. Hann sé leiðarvísir að því hvernig tryggja skuli fötluðu fólki mannréttindi og jöfn tækifæri. - kóp

Hjartað slær fyrir lögreglukonur

Innanríkisráðuneytið braut lög við ráðningu þriggja karla í stöðu aðstoðaryfirlögregluþjóna á höfuðborgarsvæðinu. Kona sem gegnt hafði yfirmannsstöðu á vegum Sameinuðu þjóðanna komst ekki í lokaúrtakið. Hún segir stöðu kvenna innan lögreglunnar á Íslandi alvarlega.

Snærós Sindradóttir

snaeros@frettabladid.is



„Það var mín hugsun að ég gæti gert eitthvað gott í þessari stöðu. Hjarta mitt slær með lögreglukonum,“ segir Gná Guðjónsdóttir, fyrrverandi lögreglufulltrúi. Úrskurðarnefnd jafnréttismála hefur úrskurðað henni í vil. Innanríkisráðuneytið braut lög í ráðningarferlinu í stöðu aðstoðaryfirlögregluþjóns síðastliðið sumar.

Háttsett í Líberíu og Afganistan

Gná starfaði sem lögreglukona í rúm fjórtán ár, eða frá árinu 1997. Vegna starfa sinna hjá lögreglunni varði hún meðal annars tveimur árum í friðargæslu í Líberíu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Hún var hluti af fimm hundruð manna sveit sem hafði meðal annars það hlutverk að þjálfa 4.500 manna lögreglulið í Líberíu.

„Ég hafði reynslu sem stjórnandi bæði innan lögreglunnar og þegar ég var í Líberíu. Þar stjórnadi ég tíu manna teymi og sat í yfirstjórn. Ég var mjög háttsett,“ segir Gná.

Hlutverk hennar í Líberíu var að vera svokallaður „coordinator“. Hún tók þátt í að samhæfa störf lögregluliðsins og hafa samskipti við fjölmarga aðila.

Eftir að hún kom heim frá Líberíu starfaði hún í eitt ár innan lögreglunnar hérlendis áður en hún sagði upp og tók starf í Afganistan. „Það er eiginlega hægt að segja að ég hafi verið aðstoðarframkvæmdastjóri flugvallarins í Kabúl. Sú staða var bundin Nató.“

Vildi sjá konu taka starfið

Gná segir að það hafi ekki endilega komið henni á óvart að hafa ekki verið ráðin sem aðstoðaryfirlögregluþjónn. Hún var boðuð í fyrsta viðtal en komst á endanum ekki í tíu manna úrtak.

„Ég vissi að ráðherra var í sjálfsvöld sett að kalla aðra í viðtal svo ég var ekki búin að hafna þessu algjörlega. Ég hafði heyrt ráðherra segja að hlutirnir myndu breytast og konum myndi fjölga.“

Það hafi því komið henni á óvart þegar í ljós kom að karlar voru ráðnir í öll þrjú embættin. „Ég var að vonast til þess að sjá að minnsta kosti eina konu. Það þurfti ekkert endilega að vera ég. Ég met það svo að tvær aðrar sem sóttu um hafi verið mjög hæfar til starfsins.“

Stjórnunarreynsla ekkert metin

Þegar búið var að skipa í stöðurnar þrjár óskaði hún eftir rökstuðningi og málsgögnum.

„Ég fæ þau svör frá lögreglustjóra [Stefáni Eiríkssyni] að ég hafi ekki fengið eins mörg stig og hinir. Þá óska ég eftir málsgögnum. Á minnisblöðunum skín í gegn að öll stjórnunarreynsla sem ég hafði öðlast var non grata. Þrátt



GEFST EKKI UPP Gná segir að ef auglýst verði sambærileg staða aftur muni hún eflaust sækja um að nýju.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

→ Ellefu konur sóttu um stöðurnar þrjár

Fréttablaðið fjallaði ítarlega um ráðningu karlanna þriggja í júlí á síðasta ári. Þá sagði Stefán Eiríksson meðal annars: „Það var sérstök hæfnisnefnd innan lögreglunnar sem fór yfir umsóknirnar og það var niðurstaða nefndarinnar og síðar innanríkisráðuneytisins að þeir þrír sem ráðnir voru væru hæfastir.“

Boðað var til þriggja viðtala. Þrjár konur, þar á meðal Gná Guðjónsdóttir, voru í 25 manna úrtaki. Ein kona komst áfram í tíu manna úrtak en engin kona var í fimm manna lokaúrtakinu.

fyrir að ég hefði verið að vinna sem yfirmaður í lögreglu Sameinuðu þjóðanna.“

Það átti þó ekki við um þá karla sem fengu starfið. „Það var annar sem fékk stöðuna þar sem tekið var fram hverju hann hafði gegnt áður. Það var sem sagt honum til framdráttar en skipti ekki máli fyrir mig.“

Ráðningarferlið sniðið að körlum

Í úrskurði Kæruneftndar jafnréttismála segir að hæfnisnefnd lögreglunnar hafi látið stjórnunarstörf innan lögreglunnar vega þyngra en stjórnun með mannaforráð innan friðargæslu.

Svo segir: „[Það felur] nánast í sér að þeir starfsmenn sem gegnt hafa yfirmannsstöðum í lögreglunni sitja fyrir um starf en það

eru nánast eingöngu karlmenn.“ Kæruneftndin komst sem sagt að þeirri niðurstöðu að sú mælistika sem notuð var við stigagjöf í ráðningarferlinu hafi gefið karlkyns umsækjendum forgjöf.

Jafnframt var ekki að neinu leyti tekið tillit til þess að Gná hafði rekið eigin fyrirtæki í fimm ár áður en hún gerðist lögreglukona. Starfsreynsla hennar var því ekki metin sem skyldi.

Þá skoraði Gná fullt hús stiga í tungumálakunnáttu en sá liður í ráðningarferlinu var látinn falla niður þegar niðurstöður voru teknar saman.

„Að minnsta kosti fimm af sjö spurningum er beint var til umsækjenda var háð annmörkuð,“ segir í úrskurðinum og svo: „Þykir kærði ekki hafa sýnt fram

→ Lögreglukarlar vantreysta konunum

Lögreglukarlar eru ekki tilbúnir að viðurkenna lögreglukonur sem jafningja í starfi. Þetta var niðurstaða rannsóknar sem Ríkislögreglustjóri lét vinna í samstarfi við kynjafræðideild Háskóla Íslands á vinnuþinginu lögreglunnar árið 2013.

Rannsóknin sýndi einnig að konur innan lögreglunnar telja sig ekki hafa aðgang að efstu starfsstigum lögreglunnar.

Ein kona hefur setið í yfirstjórn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Það er Aldís Hilmarsdóttir aðstoðaryfirlögregluþjónn sem ráðin var til starfa í apríl árið 2014.

á að aðrar ástæður en kynferði hennar hafi legið þar til grundvallar.“

Konur valdalitlar innan lögreglu

Gná segir það alvarlegt mál hve fáar konur fá framgang innan lögreglunnar hérlendis. Hún bendir á að lög hafi verið sett um hlutfall kvenna í stjórnun fyrirtækja. Þau lög eigi þó ekki við um lögregluna.

„Lögreglan er stofnun þar sem ekki er utanaðkomandi stjórn, en í öllum lögregluembættum er yfirstjórn. Þegar ráðningarferlið fór fram hafði engin lögreglukona setið í yfirstjórn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.“

En af hverju voru sett lög til að auka hlut kvenna í stjórnun? Er það ekki af því við vitum að ef konur eru ekki á æðsta stigi innan

ákveðinnar skipulagsheildar þá er ekki gætt að þeirra sjónarmiðum í skipulagsheildinni allri? Gilda einhver önnur lögmál um stofnanir ríkisins?“ spyr Gná.

Hún segir lögreglukonur vera orðnar dofnað eftir margra ára vonbrigði með jafnréttismál innan lögreglunnar. „Við leyfum okkur ekkert að vera reidar. Þetta er bara svona. Það að engin lögreglukona hafi setið í yfirstjórn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fram til ársins 2014 þýðir að þær hafa ekki komið að því að mynda stefnu fyrir embættið, svo sem í kynferðisbrotamálum. Þær hafa heldur ekki mótað innri stefnu sem lúta að kynjajafnrétti, gæðamálum, siðferði og bara öllu.“

Gná hefur ekki ákveðið hver næstu skref í málinu verða.

ZANUSSI
ZWF-71660W Þvottavél
 1600 snúninga hraðþvottavél með kolalausum mótör, 7 kílóa hleðslugetu og A+++ orkunýtni.

- ✓ 1600 snúninga stillanlegur vinduhráði.
- ✓ 8 þvottakerfi þ.á.m. 30°C á 30 mínútum, 20 mínútna hraðkerfi, handþvottur.
- ✓ 3,6 eða 9 klst framstillt ræsing.
- ✓ TimeSave - sparaðu allt að 50% tíma.
- ✓ Mishleðsluskynjun og AquaControl vatnslekavörn.
- ✓ Hljóðlát, aðeins 51 dB(A) í þvotti.
- ✓ Kolalaus hágæðamótör - betri ending, hljóðlátari.
- ✓ A+++/A/A orkunýtni, þvottagæði og vinda.
- ✓ Fullt verð kr. 94.900.

AAA EINKUNN
1600 SNÚNINGA
7 KG
KOLALAUS MÖTÖR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
74.900
 SPARAÐU 20.000

Electrolux
EWP-1262TDW Þvottavél
 Vinsæl heimilisvél frá Electrolux með góðum þvottakerfum. Tekur 6 kg.

- ✓ 1200 snúninga stillanlegur vinduhráði
- ✓ 14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna hraðkerfi, ullakerfi og handþvottur.
- ✓ 3,6 eða 9 klst framstillt ræsing.
- ✓ Hraðval stýttir tímann um allt að 50%.
- ✓ A++/A/B orkunýtni, þvottagæði og vinda
- ✓ Fullt verð kr. 74.900.

AAB EINKUNN
1200 SNÚNINGA

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
59.900
 SPARAÐU 15.000

Electrolux
EDC-1072LDC Barkalaus þurrkari
 Barkalaus þéttþurrkari með fullkomnum rakaskynjara og 14 þurrkerfum.

- ✓ Rafmagns- og tímaspamaður með fullkomnum rakaskynjara.
- ✓ Krumpuvörn og niðurkæling.
- ✓ Hljóðmerki þegar þurrki lýkur.
- ✓ Möguleiki á framstilltri ræsing.
- ✓ Tromla snyst til beggja átta.
- ✓ Tekur allt að 7 kg.
- ✓ Fjölmörg sérkerfi.
- ✓ Orkuflokkur C.
- ✓ Fullt verð kr. 79.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
64.900
 SPARAÐU 15.000

XL 7 KG **BARKALAUS** **RAKASKYNJARI** **KRUMPUVÖRN**

Electrolux
EN-13201JW/JX Kæli-/frystisk.
 Fæst í burstuðu kámfriú stáli eða hvítur.

- ✓ 3 MaxiSpace frystiskúffur með nægu rými.
- ✓ LowFrost frystir sem sparar 4 af hverjum 5 affrystingar. Minni hrímmyndun.
- ✓ HxBxD: 175 x 59,5 x 60,2 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 89.900 / 99.900.

175 CM HÁR
198L
111L
A++ ORKA
 LowFrost **80% MINNA HRÍM**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
88.888
 SPARAÐU 11.112

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
77.777
 SPARAÐU 12.123

Electrolux
ESF-6201LOW Uppþvottavél
 Sparneytin og vönduð vél með öllum helstu þvottakerfum.

- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. almment, 30 mínútna, hraðkerfi, sparnaðakerfi og 70°C pottakerfi.
- ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni/þvottagæði/þurrk.
- ✓ Framstillt ræsing möguleg um 3 klst.
- ✓ HxBxD: 85 x 59,6 x 59 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 69.900.

AAA EINKUNN
HRADVAL

KYNNINGARVERÐ KR.
59.900
 SPARAÐU 10.000

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
14.990
 25% AFSLÁTTUR

Electrolux
EN-13201JW/JX Kæli-/frystisk.
 Fæst í burstuðu kámfriú stáli eða hvítur.

- ✓ 3 MaxiSpace frystiskúffur með nægu rými.
- ✓ LowFrost frystir sem sparar 4 af hverjum 5 affrystingar. Minni hrímmyndun.
- ✓ HxBxD: 175 x 59,5 x 60,2 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 89.900 / 99.900.

151 CM HÁR
139L
68L
A+ ORKA

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
55.555
 SPARAÐU 9.345

exquisit
KGC-270/70WE Kæli- og frystiskápur
 151 cm hári kæli- og frystiskápur með 139 lítra kæli og 68 lítra frysti með þremur skúffum.

- ✓ HxBxD: 159 x 55 x 60 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 64.900

Electrolux
JMORIGIN Ryksuga JetMax
 Með 1500W sparneytnum mótör sem skilar afli á við 2200W ryksugu.

- ✓ 3 lítra S-Bag örtrefjapoki.
- ✓ Stillanlegur sogkraftur og skaft.
- ✓ Air Clean II öragnasía.
- ✓ Hægræsing, sprengir ekki öryggið.
- ✓ 9 metra vinnuradius.
- ✓ Mjött sogstykki og flatur húsgagnabursti fylgir.
- ✓ Gúmmihjól.
- ✓ Pokakarfa sem tryggir óhindra loftflæði.
- ✓ Fullt verð kr. 19.990.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
14.990
 25% AFSLÁTTUR

1500W = 2300W **9M VINNURADIUS**

VERÐ PRESSAN

Electrolux
JMORIGIN Ryksuga JetMax
 Með 1500W sparneytnum mótör sem skilar afli á við 2200W ryksugu.

- ✓ 3 lítra S-Bag örtrefjapoki.
- ✓ Stillanlegur sogkraftur og skaft.
- ✓ Air Clean II öragnasía.
- ✓ Hægræsing, sprengir ekki öryggið.
- ✓ 9 metra vinnuradius.
- ✓ Mjött sogstykki og flatur húsgagnabursti fylgir.
- ✓ Gúmmihjól.
- ✓ Pokakarfa sem tryggir óhindra loftflæði.
- ✓ Fullt verð kr. 19.990.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
14.990
 25% AFSLÁTTUR

1500W = 2300W **9M VINNURADIUS**

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TÖFRASPROTUM

Töfraspotar eru ómissandi í eldhúsið. Fást stakir eða með þeytara og hakkara. 16 gerðir í boði.

Electrolux BOSCH TRISTAR DOMO

50% AFSLÁTTUR

SIEMENS
HB-75GB560S Ofn með Pyrolyse
 65 lítra ofn með klukku og Pyrolyse sjálfhreinisbúnaði sem brennir öll óhrreinindi upp til agna við 500°C hita.

- ✓ 9 eldunarkerfi þ.á.m. pizzakerfi og grill.
- ✓ Soft Close hæglökun á hurð.
- ✓ Rafeindaklukka með hvítbláum díóðuljósum.
- ✓ Fullt verð kr. 199.900.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
129.900
 SPARAÐU 70.000

PYROLYSE

SIEMENS
EH-651FE17E Spanhelluborð
 Flott borð með aflöndandi glerkanti, Power Boost hellum, Touch slider beinvali og XXL hellu.

- ✓ Fullt verð kr. 129.900.

KYNNINGARVERÐ KR.
89.900
 SPARAÐU 40.000

SPANHELLUR **TOUCH SLIDER**

Mikið úrval af háfum og víftum á góðu verði!

50% AFSLÁTTUR

sola
 THE NETHERLANDS

Diamond pottasett
 Glæsilegt 78 cm breitt spanhellu-4 pottar úr 18/10 hágæðastáli með gleróki og stút til að hella vatninu af. Þykkbotna samlökubotn fyrir allar gerðir af heilum þ.á.m. span. Lífstíðarábyrgð og 30 daga ánægjuábyrgð. Fullt verð kr. 49.990

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
24.990
 50% AFSLÁTTUR

Rafha ehf

Opið virka daga 9-18 laugardaga 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
 Sími 5880500
www.rafha.is

Læknar stjórna neyslu – ekki verðið

Magnbundið verð ávanabindandi lyfja hefur ekkert með ofnotkun þeirra að gera. Ábyrgðin liggur hjá læknum sem ávísa lyfjunum. Tillögur lyfjateymis landlæknis um verðbreytingar eru vindhögg, segir dósent í félagslyfjafræði og fyrrverandi starfsmaður teymisins.

„Eðlilegast væri að læknar væru ekki að semja við sjúklinga um ávísanir á ávanabindandi lyf. Þeir hafa ávísunarréttinn og þar með ábyrgðina. Ef þeir telja sjúkling vera að fara fram á eitthvað sem þeir telja ekki eiga við, þá felur rétturinn í sér þá skyldu að segja nei,“ segir Ingunn Björnsdóttir, dósent í félagslyfjafræði við Óslóaháskóla, um frétt frá lyfjateymi Embættis landlæknis í fyrri viku.

Verð á töflunni

Í fréttinni segir að lyfjateymið, sem sinnir eftirliti með ávísunum ávanabindandi lyfja, hafi skilað inn tillögum um breytt viðmiðunarverð til að bæta ávísanir ávanabindandi lyfja. „Til að sporna við óhóflegum ávísunum þessara lyfja er það tillaga teymisins að töfluverð sem flestara ávanabindandi lyfja verði því sem næst óháð pakkningastærð.“

Þar segir jafnframt að eðlilegast væri að „læknar væru ekki settir í þá stöðu að semja við sjúklinga um ávísanir ávanabindandi lyfja eftir því hvað þau kosta“, og til þeirra orða vísar Ingunn hér að ofan.

Ingunn, sem sat í þessu sama lyfjateymi í um eitt og hálf ár, segir að þetta útspil standist ekki skoðun. „Enginn sjúklingur situr og karpar við lækni um skráð verð á lyfinu. Sjúklingarnir lesa ekki verðskrána og hafa fæstir hugmynd um að hún sé til,“ segir Ingunn.

Á villigötum

Um tillöguna segir Ingunn: „Þarna eru þeir á villigötum því að teymi landlæknis á Íslandi hefur ekkert að segja um verðákvæðanir stóru lyfjafyrirtækjanna. Fyrirtækin ráða því hvaða lyf þau sækja um að skrá á Íslandi og hvaða verð. Alls staðar á Norðurlöndunum eru minni pakkningar hlutfallslega dýrari en stærri, séu minni pakkningarnar yfir höfuð í boði. Afgreiðsla verðumsókna er á borði



„Svona tilmæli breyta engu, hafa enga vigt eða áhrif.“

Ingunn Björnsdóttir, dósent við Óslóaháskóla.

lyfjagreiðslunefndar sem fer eftir lögum og reglum þar um. Hún hefur ekki frítt spil heldur, svo að svona tilmæli breyta engu, hafa enga vigt eða áhrif.“

„Málið á viðkvæmu stigi“

Í fyrrnefndri frétt kemur ekki fram hvar tillögurnar voru lagðar fram. Það fæst heldur ekki gefið upp, en í skriflegu svari embættisins segir að „málið sé á viðkvæmu stigi en auk skriflegra tillagna hefur verið fundað með hlutaðeigandi aðilum um málið.“

Ólafur B. Einarsson, sérfræðingur hjá landlækni og einn þriggja sem skipa teymið, segir að það sé ekki lítið svo á að verðið sé sá þáttur sem skipti einn máli um það hversu miklu er ávísanir ávanabindandi lyfjum – efið sé að ákvarða hversu miklu máli verðmunur lyfja skiptir. Rétt sé að sá læknir sem ávísa lyfjunum beri ábyrgð á að ávísunin sé rétt, „en sú gagnrýni sem læknar fá vegna ávísana er oft óbilgjörn. Þeir eru oft í þeirri aðstöðu að sinna þörfum fólks sem segir ekki allan sannleikann eða hreinlega gerir sér upp veikindi til að fá meira ávísanir af lyfjum,“ segir Ólafur og bætir við að tillögurnar um verð lúti að því að afgreiðsla lyfja verði í hvert sinn miðuð að þörfum einstaklings í það skiptið.

„Ef allt væri eðlilegt kostaði pillan í minni pakkningum sama og pillan í þeirri stærri en í raun má velta fyrir sér hvort eðlilegt sé að sömu lögmál gildi um verð ávanabindandi lyfja og verð morgunkorns,“ segir Ólafur.

svavar@frettabladid.is



HÆTTULEG HJÁLPAHELPA Fullrytt er að ábyrgð læknisins sé alger, enda beri hann ábyrgðina á ávísunum lyfja.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Stiklað yfir frétt lyfjateymis landlæknis

- Svefnlyfjanotkun hefur lengi verið mest á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin. Mesta notkun svefnlyfja á Íslandi er í flokknum Benzodiazepínskyld lyf.
- Eitt af því sem gæti spilað inn í sölu lyfjanna er verð en munur á töfluverði í mismunandi pakkningum er verulegur.
- Miðað við lyfjaverðskrá frá 2012 kostar 10 töflu pakkning um 1.310 krónur (131 kr. taflan) en 30 stykkja pakkning kostar um 1.260 kr. (42 kr. taflan).
- Þessi mikli verðmunur á pakkningum veldur því að mun meira er selt af 30 stykkja pakkningum sem er á margan hátt óeðlilegt miðað við það að lyfið er ekki ætlað til langvarandi notkunar.
- Undir eðlilegum kringumstæðum ættu flestar ávísanir að vera af 10 stykkja pakkningum vegna þess að sérlyfjaskrá segir að meðferðin eigi að vera eins stutt og hægt er.
- Svefnlyf eru ekki einu ávanabindandi lyfin með ólíkt töfluverð eftir stærð pakkninga. Á Íslandi er notkun svefnlyfja, verkjalyfja, róandi- og kvíðastillandi lyfja og þunglyndislyfja sú mesta á Norðurlöndunum.

Framtíð úrgangsmála í Reykjavík



KYNNINGARFUNDUR UM AÐGERÐAÁÆTLUN
23. JÚNÍ Á KJARVALSSTÖÐUM KL. 20 – LEITAÐ EFTIR ÁLITI

Reykjavíkurborg óskar eftir umsögnum um tillögur að aðgerðaáætlun í úrgangsmálum í Reykjavík og leitar eftir áliti borgarbúa, fyrirtækja og annarra áhugasamra. Áætlunin mun gilda fyrir árin 2015–2020 og er markmið hennar að draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu. Sérstök áhersla er lögð á val íbúa á þjónustustigi í tillögnum.

Reykjavíkurborg heldur af þessu tilefni opinn fund á Kjarvalsstöðum þriðjudaginn 23. júní kl. 20. Kynntar verða 42 aðgerðir, tíu leiðarljós og meginlinur um þjónustu grenndarstöðva sem verða til hlíðsjónar við ákvarðanatöku um úrgangsmál í sveitarfélaginu.

Allar ábendingar og tillögur um það sem betur mætti fara í áherslum borgarinnar til ársins 2020 í þessum mikilvæga mála-flokki eru vel þegnar.

SKIPULAG FUNDAR

Hjálmar Sveinsson formaður umhverfis- og skipulagsráðs opnar fundinn og varpar fram sýn á úrgangsmálin og val á þjónustustigi.

Eygerður Margrétardóttir deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar segir frá vinnunni við aðgerðaráætlunina og möguleikum í framtíðinni.

Rakel Garðarsdóttir stofnandi Vakandi, samtök sem vilja auka vitundarvakningu um soun matvæla, fjallar um hvað neytandinn getur gert sjálfur til að draga úr soun.

Fulltrúar í aðgerðarhópnum nefna valin atriði úr áætlunni.

Umræður og ábendingar. Aðgerðirnar 42 verða aðgengilegar á fundinum.

Kaffi á könnunni – allir velkomnir.



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
REYKJAVÍKURBORGAR

Borgartúni 12–14
www.reykjavik.is – sími 411 1111



AFFERMING Afgreiðsla á eftirlitsskyldum vörum inn í landið tefst meðan unninn er upp hali vegna verkfalla.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Starfsemi Matvælastofnunar færirst í samt horf:

Þarf sátt um kjör

KJARAMÁL Mikilvægt er að sátt náist um starfskjör fólks í aðildarfélagum BHM sem hjá Matvælastofnun starfar að lokinni kjara-deilu, þannig að tryggja megi hnökralausa starfsemi stofnunarinnar gagnvart fyrirtækjum í landinu og samfélaginu í heild.

Þetta segir í samantekt um starfseminu eftir að lög voru sett á verkfall náttúrufræðinga, matvæla- og næringarfræðinga og dýralækna hjá stofnuninni um síðustu helgi. Starfsemin er sögð vera

að færast í samt horf. „Fjöldi mála bíður hins vegar afgreiðslu og mun Matvælastofnun kappkosta að flýta fyrir afgreiðslu þeirra eins og kostur er,“ segir á vef Mast.

Á næstu dögum og vikum muni þó mikið mæða á inn- og útflutningsskrifstofu stofnunarinnar. Tekið er fram að mannaflí skrifstofunnar hafi verið aukinn til að flýta fyrir afgreiðslu. „Engu að síður má búast við einhverjum töfum miðað við eðlilegar aðstæður.“

- óká

SAMSUNG

55" er næst- vinsælasta stærðin

Bein eða bogin - þín upplifun

Besta
verðið



Samsung H6475

249.900.-



Samsung JU6675

319.900.-

Samsung JU6415

319.900.-



Samsung JU7505

419.900.-

Samsung JU7005

389.900.-



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------

Túlkasjóður er uppurinn enn og aftur:

Haltu kjafti, heyrnarlaus

Það er freistandi tilhugsun að setja kvóta á málbein íslenskra stjórnmalámana. Í þessu gæti falist ákveðin hvíld fyrir lúna og langþreytta Íslendinga sem furða sig oft og tíðum á innihaldslitlu gaspri og óviðeigandi orðbragði íslenskra ráðamanna.

Ágætis dæmi um þetta má finna í ummælum Guðfinnu Jóhannu Guðmundsdóttur sem sagðist: „Vona að þetta fólk geti rífið hausin út úr rassgatinu á sér bara þennan eina dag.“ Tilefnið mótmæli á Austurvelli að morgni þjóðhátíðardagsins þann 17. júní.

Sitt sýnist hverjum um mótmæli gegn starfandi ríkisstjórn á þessum degi á þessari stund. En flestir geta þó vonandi verið sammála um að Guðfinnu Jóhannu er lítil sómi að orðfærinu en það dugði henni þó til þess að ná eyrum landsmanna. Í þessu tilviki hefði því mögulega einhvers konar málbeins- eða tjáningar-kvóti getað komið borgarfulltrúanum til bjargar. En svo var ekki og auðvitað er það hið besta mál. Réttur okkar til tjáningar er einn helsti hornsteinn lýðræðisríkis og grundvöllur almennra mannréttinda.

Hugmyndin um málbeinskvóta er því afleit hvernig sem á er litið. Engu að síður þarf hluti íslensku þjóðarinnar þó að búa við slíkan málbeinskvóta. Sætta sig við það að ársfjórðungslega sé ekki í boði að tjá sig við þann þorra þjóðarinnar sem hefur íslensku-ana sem fyrsta mál. Þessi hópur má búa við það að þurfa að halda kjafti um mál og málefni, geta ekki farið í atvinnuviðtöl eða tekið þátt í opinberri umræðu. Þurfa að þegja þunna hljóði í útskriftarveislum og brúðkaupum þegar sum okkar finna hjá sér þörf til þess að segja úr ræðustól eitthvað fallett við þá sem okkur þykir vænt um og svo mætti lengi telja.

Þessi hópur er heyrnarlausir Íslendingar. Fyrsta tungumál heyrnarlausra Íslendinga er tákmal en hins vegar eru afar fáir Íslendingar sem læra það tungumál enda er það ekki hluti af námsskrá skólakerfisins. Þar er þó kennd bæði enska og danska og reyndar fleiri tungumál sem er allt eins fallett svo við getum reynt að gera okkur skiljanleg við túristaflauminn. How do you like Iceland?

Ársfjórðungslega gerist það að túlkasjóður heyrnarlausra klárast og heyrnarlausir fá skilaboð um að nú þurfi þeir að halda kjafti fram að næstu úthlutun. Þeim er þó vonandi ekki sagt það með þessum fruntalegu orðum enda enginn sómi að slíku orðfæri – en það hentar hugsanlega til þess að ná eyrum ráðamanna.

Í nágrannalöndum okkar eru engar takmarkanir á sambærilegum sjóðum. Kannski vegna þess að heyrnarlausir eru heyrnarlausir allt árið – líka á Íslandi, eða einfaldlega vegna þess að þar er litið á réttinn til tjáningar sem grundvallarmannréttindi. Nágrannaþjóðir okkar hafa líka staðfest sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, eitthvað sem er löngu tímabært að Alþingi Íslendinga komi í verk, en það mundi jafngilda lögum um þessi sjálfsgöðu réttindi. Og tíminn til úrlausnar á þessum smánarbletti á íslensku samfélagi er núna. Þögn þeirra sem fara með málaflokkinn er margfalt verri en gaspur misviturra pólitíkusa um allt og ekkert, þjóðinni til mæðu á tyllidögum sem aðra daga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efn blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

REIKNADU DÆMIÐ á 365.is

FÆRÐU FJARSKIPTIN YFIR TIL 365 OG FÁÐU VANDAÐ SJÓNVARPSEFNI Á FÁRÁNLEGA GÓÐU VERÐI

365.is | Sími 1817 **365**

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kynjaumræðan óþörf

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra var í útvarpi á sunnudag. Hallgrímur Thorsteinsson þáttarstjórni saumaði að ráðherraum og tengdi saman kjarabaráttu hjúkrunarfræðinga og hundrað ára afmæli kosningaréttar kvenna. Bjarni gaf lítið fyrir þetta og sagði hreint út að umræðan væri á villigötum. Vissulega væru hjúkrunarfræðingar að uppistöðu til konur, en um það snerist málið ekki. Alls ekki.

Það er kannski ekki skrytið að jafnréttisumræðan hafi farið svona rækilega fram hjá ráðherraum sem hefur það á heilanum að ná fram hallausum fjárlögum. Staðreyndin er sú að kvennastéttir eru láglaukastéttir og flestar hafa þær

verið í kjarabaráttu síðastliðin ár. Kennarar fóru í verkfall, leikskólakennarar líka, og loks hjúkrunarfræðingar. Það er ekki tilviljun, öfugt við það sem Bjarni heldur.


Farvel Norge, Adjö Sverige

„Ég spyr nú bara, er allt að hrúni komið í Svíþjóð?“ spurði Bjarni þáttarstjórni og áheyrendur reiður. Hann fullyrðir að þriðjungur allra sænskra hjúkrunarfræðinga fari til Noregs að vinna. Ástæðan sé lág laun og mikið álag í Svíþjóð. En það var ekki bara Svíþjóð sem er illa stödd að mati Bjarna. Hann spyr hver staðan sé í Noregi þar sem tuttugu þúsund hjúkrunarfræðinga vantar. Íslenskir

hjúkrunarfræðingar hljóta því bara að fara úr öskunni í eldinn, hyggist þeir flýja frá óviðunandi vinnuáðstæðum og skammarlegum launum hérlendis.

Lög á hjúkku og jafnari laun

Sigmundur Davíð forsætisráðherra hefur í samstarfi við UN Women sett það markmið að útrýma launamun kynjanna á Íslandi fyrir árið 2022. Sem sagt innan sjö ára. Þetta var tilkynnt fimm dögum eftir að lög voru sett á hjúkrunarfræðinga. Líklega er Sigmundur sam- mála Bjarna í því að kjarabaráttu hjúkrunarfræðinga, stærstu kvennastéttar landsins, hafi ekkert með konur og kynjamál að gera. snaeros@frettabladid.is



HALLDÓR



Staðsetning Landspítala

SKIPULAG



Birgir Guðjónsson sérfræðingur í lyf- lækningum og melt- ingarsjúkdómum

Staðsetning nýs Landspítala mun undirrit- aðan engu skipta varðandi vinnu og von- andi ekki þjónustu en ekki verður kom- ist hjá því að heyrna umræðuna og finnst undirrituðum sem skattborgara alveg dæmalaus rök þeirra sem verja áfram- haldandi staðsetningu við Hringbraut. Haldið hefur verið fram að ráðgjafar hafi víða verið leitað og ráðlagt að best væri að vera um kyrrt á Hringbraut, endurnýta og endurnýja sem mesta af eldri byggingum. Það væri ódýrast og hagkvæmast. Þess hefur greinilega verið vel gætt að leita ekki til Svía í þetta skiptið varðandi ráðgjöf en þeir eru nú að endurbyggja Karolinska háskólasjúkrahúsið, það fremsta í Svíþjóð og eitt af þeim fremstu í Evrópu. Í boðsferð til Karolinska árið 2010 var mér bent á hvar upphaflega sjúkrahúsið hefði verið inni í borginni, en starfsemi var einnig í Solna. Eins og fram kemur á vefsíðum Karolinska hefur meginháskólasjúkrahúsið verið í Hudd- inge talsvert fyrir sunnan Stokkhólm frá 1972, en byggja ætti nýtt í Solna norðvest- ur af Stokkhólmi. Í boðsferð aftur sl. haust til Karol- inska í Huddinge mátti sjá upplýsingar um hversu byggingu nýja sjúkrahússins í Solna miðar og að stefnt sé að því að það verði opnað í haust.

➔ Í núverandi umræðum hefur því einnig verið haldið fram að núverandi staðsetning sé hagkvæm vegna almenningssamgangna!

Á vefsíðu þess „nykarolinskasolna. se“ má sjá að meginrökin fyrir byggingu nýja sjúkrahússins séu að hagkvæmara hafi þótt að reisa nýjan spítala fremur en að endurbyggja og endurnýja núver- andi byggingu í Huddinge, eða á ensku, „... more cost effective, compared to renovating and refurbishing the present facilities“. Hvenær fara íslensk stjórnvöld að segja rétt frá? Í núverandi umræðum hefur því einnig verið haldið fram að núverandi staðset- ning sé hagkvæm vegna almenningssam- gangna! Hafa þessir ráðmenn virkilega aldrei verið á ferðinni á Kringlumýrar- eða Miklubraut á morgnana eða síðdegis þegar menn eru á leið í vinnu eða heim? Fótgangandi maður er oft fljótari en bílar. Gæði sjúkrahúss ráðast ekki af stað- setningu, nýbyggingu og nýjasta tækja- kosti, heldur miklu fremur af starfs- mannavali og mikilvægasti mælikvarðinn er aðsókn unglækna þangað til sérnáms.

Hótel Písland

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Þegar lög voru sett á hjúkrunarfræðinga um daginn voru B-ráðherrar settir í verkin: Sigurður Ingi, sem alltaf er sendur í fjósið, kannski af því að hann er dýralæknir, og Gunnar Bragi sem alltaf hljómar eins og dálítið höstugur verkstjóri sem vill ganga í augun á yfirmönnum sínum. Á meðan fóru A-ráðherrarnir á völinn.

Já en Icesave!

Og málsvörnin? Hún fólst í því tala um Icesave – að sjálfsögðu. Gunnar Bragi ræddi um það hástöfum hvílíkt kjarkmeni Sigmundur Davíð væri, en ráðherrann var sjálfur fjarverandi meðan á rímmunni stóð. Raunar má lýsa sambandi hans og þingsins sem nokkurs konar fjarbúð, og situr hann þó í skjóli og umboði þessa sama þings. Sjálfur virðist fjarherrann þó fremur líta á sig sem nokkurs konar helgarpabba, sem kemur af og til inn í líf þingsins og gefur öllum ís, en þegar þarf að standa í verkum eins og afnámi verkfallsréttar hjá háskólamenntuðu fólki þá er fenginn til þess Landbúnaðar- og Sjávarútvegsráðherra, sennilega vegna þess að ríkisstjórnin telur að þegar öllu sé á botninn hvolft hljóti öll mál, stór og smá, fyrst og fremst að vera landbúnaðar- og sjávarútvegsmál. Nema þetta tákni að þess sé skammt að bíða að við fáum kvótasetningu á sjúklinga.

Og nú, samkvæmt síðustu fréttum, hafa hundrað og fimmtíu manns sagt upp á Landspítalanum. Þó ekki væri nema bara vegna þess eftirleiks lagasetningarinnar er hún augljóslega glórusala.

Til réttlættingar lagasetningunni hafa menn – fyrir utan Icesave – veifað harðorðum viðvörðunum landlæknis sem talað hefur tæpitungulaust um óþolandi ástand á Landspítalanum. Orð hans mátti hæglega skilja sem tilmæli til ríkisins um að teygja sig lengra í átt til samninga en bjóða ekki sífelld upp á sama tilboð og enda svo á því að festa það tilboð í lög.

Og svona héldum við upp á hundrað ára afmæli kosningaréttar íslenskra kvenna: verkfallsréttur afnuminn hjá stéttum þar sem konur eru fjölmennar og eiga að baki langt og strangt háskólanám til að geta sinnt sínu starfi. Skilaboðin alveg skýr um hvað er mikilvægt og hvað ekki. Mér er sagt að þegar nýr lögfræðingur tekur til starfa við Landspítalan sé hann með helmingi hærri kaup en nýr læknir. Og hvað þá hjúkrunarfræðingur.

„Og deilt er um hvort hótelið sjálft muni græða“

Við fengum í síðustu viku smjörþefinn af framtíðinni eins og hún verður fái Sjálfstæðisflokkurinn áfram að ráða uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Leynt og ljóst stefnir sá flokkur að því að auka markaðsvæðingu í heilbrigðiskerfinu, telur það eitt meginhlutverk sitt að greiða götu þeirra sem líta á sjúklinga eins og veiðistofn, þar sem sé að finna ónýtt verðmæti. Í Kastljósinu var umfjöllun um fyrirtækið Sinnnum (nafnið vísar í senn til umönnunar og margföldunar) sem hefur rekið sjúkrahótel þar sem Hótel Ísland var áður til húsa en virðist vera hálfgerður píslastaður fyrir sjúklinga sem eru að jafna sig eftir aðgerðir – hótel Písland – ef marka má fjölmargar frásagnir fólks sem þar hefur þurft að dúsa. Áður var rekið á Rauðarárstíg sjúkrahótel af Rauða krossinum, og almenn ánægja með þá starfsemi, enda var þar þjónusta við sjúklinga sem Sinnnum-konum finnst ekki taka

því að sinna. Frægt er orðið Kastljósviðtal við Steingrím Ara Arason sem er í forsvari fyrir sjúkrastryggingar, greiðanda meintrar þjónustu. Þar kom hann fram eins og fjölmiðlafulltrúi fyrirtækisins Sinnnum og talaði um sjúklingana eins og hverja aðra hótélgesti og hefur staðið í látlausum deilum við Landspítalan til að verja eigendur Sinnnum fyrir kröfum um sómasamlegan aðbúnað og þjónustu. Hann talaði eins og hvorki Landspítalanum né Heilbrigðiseftirlitinu kæmi það við hvernig háttað væri þjónustu við þá sjúklinga sem á hótelið fara af Landspítal-

anum, en eins og kunnugt er þá er það liður í niðurskurðarstefnu gagnvart Landspítalanum sem ríkt hefur frá góðæri og ráðherratið Guðlaugs Þórs, að henda sjúklingum sem allra fyrst út eftir aðgerðir og láta þá jafna sig einhvers staðar annars staðar.

Við höfum reynslu af starfsemi Grundar og Hrafnistu þar sem sjálfseignarfélag sinna þjónustu við aldrað fólk af metnaði en eins og sjúkrahótelrekstri Sinnnum var lýst í Kastljósi – og hefur ekki verið borið til baka – virðast gróðasjónarmið ráða för. En það má aldrei líta á sjúklinga sem

gróðalind. Veikindi mega ekki vera varningur. Sjálfsgat er að fara vel með fé og nýta peninga eins og kostur er en það á að vera í þágu þeirra sjúku og í almanna-hag en ekki til að skapa ríku fólki meiri arð.

Hótelrekstur Sinnnum virðist miðast við að græða á erlendum ferðamönnum: fyrst er mánuðum saman verið að gera klárt fyrir túristana með tilheyrandi hávaða; svo þegar túristatíminn rennur upp virðist sjúklingunum hreinlega hent út til að rýma fyrir túristum.

Það er ein helsta lygi okkar

tíma að gróðasjónarmið eigi alltaf við alls staðar í mannlegu félagi. Og fæst okkar vilja halda áfram á þeirri braut að markaðsvæða umönnunarstörf. Það er ónotaleg tilhugsun að eiga í vændum að láta sinna sér af fyrirtæki sem lítur á það sem hlutverk sitt að skapa arð fyrir hluthafa sína úr veikindum okkar og kröm. En eigi ekki að halda áfram á þessari braut þurfum við að hætta að leiða til valda stjórn málaöfl sem vilja greiða götu þess háttar fyrirtækja, hvort sem sú fyrirgreiðsla felst í niðurbroti opinberrar þjónustu eða fjár-austri til vildarvina.

Hagkvæm bílafjármögnun fyrir viðskiptavinum

Með reiknivélinni á arionbanki.is getur þú skoðað greiðslubyrði og hvaða fjármögnunarkostir henta þér.



MERKISATBURÐIR

- 168** f.Kr. Rómverjar sigra Makedóniumenn í orrustunni við Pydna.
- 1633** Kapólska kirkjan neyðir Galíleó Galílei til að afneita sólmíðjukenningunni.
- 1906** Sænski fáninn er tekinn í notkun.
- 1911** Georg fimmti er krýndur konungur Bretlands.
- 1939** Íslenskt hitamet er sett á Teigarhorni í Berufirði. Hitinn mælist 30,5°C.
- 1941** Þýskaland ræðst inn í Sovétrkin í seinni heimsstyrjöldinni.



1977 Hópfæðabíll veltur í Biskups-tungum. Enginn slasast alvarlega.

1986 Maradona skorar mark með „hendi Guðs“ í leik gegn Englandi á heimsmeistarasmótinu.

1990 Landamærastöðin Checkpoint Charlie í Berlín er lögð niður.

2002 Jarðskjálfti sem mælist 6,5 á Richter verður 261 að bana í Íran.

PETTA GERÐIST: 22. JÚNÍ 1978

Stærsta fylgitungl Plútós uppgötvað


Stjörnufræðingurinn James Christie uppgötvaði Karon, stærsta fylgitungl Plútós, þennan mánaðardag fyrir 37 árum. Uppgötvunina gerði hann þegar hann var við störf í stjörnuathugunarstöð í höfuðborg Bandaríkjanna, Washington.

Karon er óvenjulega stórt fylgitungl miðað við dvergreakistjörnuina sem hann fylgir. Í raun er Karon svo stór að sumir stjörnufræðingar segja hann mynda tvídvergreakistjörnu með Plútó. Plútó hefur fjögur önnur fylgitungl til

viðbótar við Karon. Nix og Hýdrú sem fundust árið 2005, Kerberos sem fannst 2011 og Styx sem fannst 2012.

Bandaríska gervitunglið New Horizons er nú á leið að Plútós og er reiknað með að ótrúlegar myndir af yfirborði dvergreakistjörunnar sem og fylgitunglum hennar muni berast og hefur NASA sagt spennuna sem ríkir í aðdraganda komunnar til Plútós svipaða því þegar fyrstu myndir af yfirborði Mars bárust árið 1965.

- þea



ÁHUGASÖM Áttatíu og fimm nemendur eru skráðir til náms við Vísindaskóla unga fólksins sem er settur í dag.

MYND/HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

Vísindaskóli unga fólksins settur í dag

Nú er í fyrsta skipti boðið upp á skólavist í Vísindaskóla unga fólksins sem settur verður í dag. 85 nemendur eru skráðir í skólann. Áhersla námsins er að kynna ungu nemendum hið fjölbreytta nám sem býðst við Háskólann á Akureyri.

Vísindaskóli unga fólksins verður settur í Háskólanum á Akureyri í fyrsta skipti í dag og stendur yfir fram á föstudag. Skólinn, sem er áþekkur Háskóla Íslands, er ætlaður börnum frá ellefu til þrettán ára.

„Skólinn er að byrja á mánudaginn og allir rosalega spenntir. Kennarar eru búnir að æfa sig og eru tilbúnir að taka á móti krökkunum,“ segir Sigrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skólans.

Unga fólkið fær að kynna ymsum greinum sem kenndar eru við skólann og hafa viðbrögðin við skólanum farið fram úr öllum væntingum. Nemendur munu fá að sitja fyrirlestra og framkvæma tilraunir.

„Við höfum fengið ótrúlega jákvæð viðbrögð frá samfélaginu á Akureyri. Það eru allir til í að leggja sitt

af mörkum og hjálpa til. Þetta er með skemmtilegri verkefnum sem ég hef unnið,“ segir Sigrún.

Hugmyndin að skólanum er sögð koma að utan en fjölmargir evrópskir háskólar bjóða börnum upp á nám í svipuðu formi og nú verður gert í Háskólanum á Akureyri.

Áherslan er lögð á að kynna nemendum sem flestar námsbrautir háskólans á lifandi og áhugaverðan hátt. Með því er ætlunin að opna augu nemenda fyrir fjölbreytninni sem er í boði á háskólastigi á Akureyri. Auk þess er miðað að því að tengja skólann betur við nærsamfélagið á staðnum.

Alls skráðu áttatíu og fimm börn sig til náms og fengu færri inngöngu en vildu. Kynjahlutfall við skólann verður nokkuð jafnt, fjórutíu og fimm drengir og fjórutíu stúlkur.

thorgnyr@frettabladid.is



„Við höfum fengið ótrúlega jákvæð viðbrögð frá samfélaginu á Akureyri. Það eru allir til í að leggja sitt af mörkum og hjálpa til. Þetta er með skemmtilegri verkefnum sem ég hef unnið.“

Sigrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Vísindaskóla unga fólksins.



Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

PÓR VIGNIR STEINGRÍMSSON
fv. yfirvélstjóri hjá Landhelgisgæslunni, Hlíðarhúsum 3, áður Arahólum 2, Reykjavík,



lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 12. júní. Útförin verður gerð frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 9. júlí kl. 15.

Kristín Þórsdóttir
Rannveig Þórsdóttir
Þorsteinn Ólafs
Ólafur Kristinn Ólafs

Lára Kristjánsdóttir
Soffía G. Jóhannesdóttir

Andri Már Bjarnason,
Daniel Þór Valdimarsson, Rebekka Rún Hjartardóttir,
Þór Steinar Ólafs, Björg Magnea Ólafs, Kristján Már Ólafs,
Halldóra Sigurlaug Ólafs, Magnea Jónína Ólafs
og barnabarnabarn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem komu að aðhlyningu, og sýndu okkur samúð og vinahug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

KRISTÍNAR MARÍU GRÍMSDÓTTUR
Gullsmára 11, Kópavogi.



Grímur Halldórsson
Guðrún Ellen Halldórsdóttir
Ketill Arnar Halldórsson
Hrafnhildur Halldórsdóttir
Halldór G. Björnsson

Hildur M. Blumenstein
Guðmundur Kr. Jóhannesson
Jóhanna H. Oddsdóttir
Smári Ríkarðsson

barnabörn og fjölskyldur þeirra.



Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

ÁSLAUG HELGA ÁRNADÓTTIR

sem lést 9. júní, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 23. júní kl. 15.



Árni Kolbeinsson
Áslaug Árnadóttir
Kolbeinn Árnason

Sigríður Thorlacius
Arnar Þór Guðjónsson
Eva Margrét Ævarsdóttir
og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Hendir engu
Hulda Björg Baldvinsdóttir vill helst ekki sjá á eftir nýtilegum hlutum í ruslið. Hún endurnýtir gamlar flikur og muni og gefur þeim nýtt líf.
SÍÐA 2

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is



BEITUR HNÍFUR
„Góður hnífur skiptir mestu máli og hann þarf að vera beittur,“ segir Muggi.
MYND/GVA

Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

SKAPANDI VINNA

TÁLGUN Vinsældir tálgunar fara vaxandi hér á landi. Fólk á öllum aldri sækir námskeið og lærir réttu handtökin. Beittur hnífur skiptir miklu máli.

Það er ekki mikil hefð fyrir tálgun hér á landi nema helst tálgun ýsubeina og smámuna úr viði. Það var ekki fyrr en Guðmundur Magnússon, smíðakennari í Flúðaskóla, kynnti sér gamla tálgutækni í Dalarna í Svíþjóð að hann og Ólafur Oddsson, uppeldisráðgjafi og fræðslustjóri hjá Skógrækt ríkisins, settu saman námskeiðin Lesið í skógin – tálgað í tré, að skriður komst á tálgun á Íslandi.

Undanfarin ár hafa fjölmargir sótt námskeið í tálgun þar sem fólk á öllum aldri og af báðum kynjum mætir og lærir réttu handtökin. Guðmundur Jón Stefánsson húsgagnasmíðameistari, betur þekktur sem Muggi, er einn þeirra sem hafa tálgað mikið undanfarin ár auk þess sem hann starfar í Handverkshúsinu í Kópavogi.

„Það er mjög spennandi og skapandi að grípa í trjágrein og búa til eitthvað úr henni enda býr ákveðinn sköpunarkraftur í flestu fólki. Það er líka gefandi að geta haldið á einu verkfæri og á sama tíma búið eitthvað fallegt til.“

Hann segir tálgun einfalda og alls ekki kostnaðar-

sama. „Góður hnífur skiptur mestu máli og hann þarf að vera beittur. Einnig skiptir máli að halda rétt á hnífnum og hafa þetta læsta grip þar sem báðar hendur eru tengdar saman. Þá fer hnífurinn ekki ranga leið og um leið er hægt að tálga nánast hvað sem er.“

Handverkshúsið heldur meðal annars kynslóðanámskeið í tálgun þar sem fullorðnir og börn læra saman að tálga. „Áhugi fyrir tálgun hefur vaxið stöðugt undanfarin ár og alls konar fólk sækir námskeiðin til að læra réttu handtökin. Stundum koma hingað þrjár ættliðir og þá fólk á aldrinum 7 til 97 ára. Bæði kynin læra tálgun en í elsta aldersflokknum eru karlar vissulega fjölmennari og eru þar gjarnan að uppgötva nýtt áhugamál.“

Þar sem tálgarinn ákveður útkomuna, að sögn Mugga, verða gripirnir persónulegir og einstakir. „Þar sem unnið er með ferskan við beint úr náttúrunni, garði eða skógi þá er hann mjúkur og léttviðráðanlegur. Það gerir tálgunina skemmtilegri og vinnan fer vel með bitið í áhöldunum.“

Garðtraktorar

Mikið úrval garðtraktora með og án safnkassa



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Opnunartími:
Opíð alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar



Úr heilsubrunni íslenskrar náttúru



Sæktu styrk í íslenska náttúru



SagaPro
færri salernisferðir



SagaMemo
fyrir minnið



Angelica
fyrir aukna orku



Voxis
fyrir sáran háls

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is



VILL ENGU HENDA Hulda Björg Baldvinsdóttir er mikil handverkskona og er umhugað um endurvinnslu.

MYND/VALLI

Óþarfi að henda

HANDVERK Hulda Björg Baldvinsdóttir vill helst ekki sjá á eftir nýtilegum hlutum í ruslið. Hún endurnýttir gamlar flíkur og muni og gefur þeim nýtt líf.

Þúðana vann ég úr gömlum gardínunum, blúndudúkum og ýmiss konar gömlum tölum sem féllu til. Ég bæði víða að mér og fæ gefins ýmislegt frá vinum mínum, eitthvað sem þeir annars myndu henda. Mér finnst mikilvægt að nýtilegir hlutir fái framhaldslíf," segir Hulda Björg Baldvinsdóttir, bókari og handverkskona.

„Á tímabili tók ég að safna að mér gallabuxum og saumaði svo úr þeim svuntur. Nú er ég að sníkja af vinum mínum aflóga bómullarboli. Mig langar að klippa þá niður og hekla úr þeim mottur," segir hún og viðurkennir að henni falli sjaldan verk úr hendi.

„Mig vantar helst tíma til að koma öllu í framkvæmd sem mér dettur í hug. Ég hef klippt niður blúndugardínur og saumað utan um stórar glerkrukkur og sett kerti ofan í þær og einnig heklað utan um þær og nýtt þannig afganga af garni. Ég er tíður gestur í Góða hirðinum og hef undanfarið safnað að mér myndarömmum. Ég ætla að mála þá og búa mér til fjölskyldumyndavegg. Við eigum hús fyrir vestan, á Flateyri, og þar ætla ég að setja upp myndirnar," segir hún.

Hulda segir fólk allt of gjarnt á að henda hlutum og fatnaði sem vel væri hægt að nýta á einhvern hátt. Sjálf hafi hún alist upp við að nýta alla hluti.

„Mér finnst ofboðslega mikil sóun í gangi en þó er fólk að átta sig á því að jörðin ber okkur ekki með þessu áframhaldi. Þabbi minn passaði alla tíð vel upp á alla hluti og ég hef reynt að gera það líka. Haldið til haga því sem er nýtilegt. En ég safna þó ekki fótum af sjálfri mér, ég gef þau áfram til þess að hægt sé að nota þau meðan þau eru nýtileg. Ég á í ástar-haturs-sambandi við plast, tek með mér poka undir ávextina út í búð aftur og aftur og reyni að grípa með mér fjölnota poka þegar ég fer að versla. Svo reyni ég að setja ekki plast-poka utan um mat ef ég get sett



hann í dollur og dósir sem ég á fyrir. Mér finnst mikilvægt að fólk hendi ekki því sem enn er nýtilegt heldur gefi það frekar áfram til einhvers sem getur gert eitthvað úr því.“

En fer ekki mikið pláss á heimilinu undir allt þetta handverk?

„Jú, jú, auðvitað, en ég er með rúm-góða geymslu," segir Hulda kankvís. „Ég fer einnig með mikið af því sem ég bý til í Handverkhúsið Purru á Flateyri. Purru er opin á sumrin og ég hef verið að vinna þar þegar ég er fyrir vestan. Þar er handverksfólk með ýmiss konar verk, gler, útskorið tré, málverk og mikið þrjónles. Fólk sem kíkir við talar sérstaklega um hve úrvalið sé fjölbreytt.“

GAMLAR BUXUR FÁ NÝTT HLUTVERK Gallabuxur endurnýttar á sniðugan hátt.

ENDURNÝTING Hulda Björg er tíður gestur í Góða hirðinum og leitar uppi hluti sem hún frískar upp á.



NÝTT ÚTLIT Gamalt tréverk fær nýtt líf eftir yfirhalningu.

ÞVOTTUR

MÁNUDAGUR 22. JÚNÍ 2015

Kynningarblað Ný bók um skipulag og ræstingar, algeng mistök við þvottinn, yfirhalning á þvottahúsinu, saga þvottalauganna í Laugardal.



Ecover hreinsilínan inniheldur öll helstu hreinsiefni fyrir heimilið, svo sem hreinsilög fyrir gólf, alhliða hreinsiefni fyrir baðherbergið og eldhúsið. Uppþvottalögurinn frá Ecover leysir upp fitu og hreinsar á áhrifaríkan hátt og er jafnframt mildur fyrir hendurnar, einnig fást uppþvottatöflur frá Ecover.

Ecover fyrir heimilið og náttúruna

Heilsa ehf. kynnir Ecover, umhverfisvænar hreinlætisvörur sem eru góðar bæði fyrir heimilið og náttúruna. Vörurnar frá Ecover eru framleiddar úr plöntum og steinefnum sem brotna fullkomlega niður í umhverfinu.

Einkunnarorð Ecover eru „Heilbrigði fyrir heimilið“, segir Þórhallur Baldursson sölustjóri Heilsu ehf. sem er umboðsaðili fyrir umhverfisvænu hreingerningavörurnar frá Ecover. „Ecover á sér langa og farsæla sögu en meginmarkmið fyrirtækisins hefur alla tíð verið að hlúa að umhverfinu og heilbrigði notenda ásamt því að bjóða upp á samkeppnishæfa vöru.“

Hugað að umhverfi að innan sem utan

Helsta nýjungin frá Ecover er að nú er ekki aðeins passað upp á að innihaldið standist öll umhverfisviðmið heldur einnig umbúðirnar. „Til að mynda eru „plast“-umbúðirnar að mestu unnar úr sykurreyr en efnið kallast Plantastic“. Að hluta til eru umbúðirnar einnig úr endurunnu plasti,“ segir Þórhallur og bendir á að engin steinolíu-plastefni komi nálægt framleiðslunni. „Allar pappírsumbúðir eru jafnframt úr endurunnum pappír.“

Virka fullkomlega

Það frábæra við Ecover er að hreinsivörurnar virka fullkomlega. Þær eru afurð mikilla rannsóknna þar sem innblástur frá náttúrunni spilar meginhlutverk,“ segir Þórhallur en Ecover vörurnum fylgir ferskur náttúrulegur ilmur sem kemur frá jurtum eins og aloe vera og lavender. Þá er

einnig að finna kókosolíu og appelsínubörk í vörunum.

Ecover hreinlætisilínan inniheldur öll helstu hreinsiefni fyrir heimilið, hvort sem um er að ræða gólf, bað, eldhús eða fyrir þvott. Uppþvottalögurinn frá Ecover hreinsar óhreinindi og leysir upp fitu á áhrifaríkan hátt. Þvottaefnið hefur líka verið sérlega vinsælt bæði í duftformi og fljótandi og skilar þvottinum hreinum og ferskum.

„Margir þvo á hverjum degi og öll viljum við að efnið sem við notum hreinsi vel en þá skiptir líka máli að það sem fer út í náttúruna valdi ekki tjóni, Ecover uppfyllir báðar þessar kröfur,“ segir Þórhallur.

Notendur mjög ánægðir

Þórhallur segir húðlækna sem prófað hafi vörurnar frá Ecover vera mjög sátta við útkomuna. „Fljótandi þvottaefnið ásamt uppþvottaleginum hefur verið sérstaklega vottað og ofnæmisprófað. Þeir sem byrja að nota Ecover hreinlætisvörurnar eru mjög ánægðir, en við höfum fengið frábær viðbrögð frá notendum,“ segir hann.

Ecover vörurnar fást í Heilsuhúsinu þar sem finna má mesta úrvalið, þær fást einnig í Fjarðar kaupum, Blómavali og nú í verslunum Bónuss.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Ecover: is.ecover.com.



„Ecover á sér langa og farsæla sögu en meginmarkmið fyrirtækisins hefur alla tíð verið að hlúa að umhverfinu og heilbrigði notenda ásamt því að bjóða upp á samkeppnishæfa vöru,“ segir Þórhallur Baldursson, sölustjóri Heilsu ehf.

MYND/GVA

SAGA ECOVER

Saga Ecover hófst árið 1979 þegar hópur frumkvöðla á sviði umhverfismála ákvað að hjálpa fólki að losna við slæmar hreingerningarvenjur.

Á þessum tíma innihéldu margar hreingerningavörur ýmis eitrefni. Nokkur hættu stafar af slíkum eitrefnum enda geta þau mengað grunnvatn, stuðlað að eyðingu dýralífs og jafnvel skaðað þann sem notar vörurnar.

Brautryðjendurnir ákváðu að sporna við þessari slæmu þróun og stofnuðu Ecover í litlum garðskúr í

belgískum bæ. Þar framleiddu þeir fyrsta fosfatlausu þvottaefnið og sönnuðu þar með að hægt væri að slá tvær flugur í einu höggi, hreinsa þvott með góðum árangri og huga að náttúrunni.

Margt hefur gerst á þeim árum sem eru liðin. Ecover er nú með höfuðstöðvar í San Francisco með umhverfisvænar „grænar“ verksmiðjur í Belgíu, Frakklandi og Chicago þar sem náttúran er áfram í fyrirrími í allri framleiðslu. Ecover framleiðir 35 vörur sem dreift er í yfir fjörutíu löndum.



Margrét Sigfúsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans, leiðbeinir konum og körlum um allt er viðkemur heimilisþrifum og umgengni í nýrri bók.

MYND/ERNIR

Margrét léttir fólki heimilisþrifin

Margrét Dórothea Sigfúsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans í Reykjavík, var að senda frá sér bókina *Allt á hreinu*, sem er leiðbeinandi bók fyrir þá sem vilja ná betri tökum á skipulagi og ræstingum á imilinu.

Margrét segir að lengi hafi vantað svona bók en það hafi hún fundið í kennslu sinni í Hússtjórnarskólanum. „Ég fann að það vantaði svona leiðbeiningar. Fólk var alltaf að spyrja mig um hitt og þetta. Bókin nýtist öllum, sérstaklega þeim sem eru að byrja að búa. Það er svo margt sem fólk kann ekki, til dæmis í sambandi við þvottinn. Algengt er að fólk blandi allavega lituðum þvotti saman og allt kemur grátt eða bleikt úr vélinni. Svo eru margir sem kunna ekki að strauja skyrtur,“ segir Margrét.

Hún bendir á að í verslunum sé mikið úrval af alls kyns ræstiefnum og fólk sé ráðvillt þegar kemur að þeim kaupum. „Ég kenni fólki að velja það einfaldasta, ódýrasta og umhverfisvænasta,“ segir hún. „Það er óþarfi að úða sterkum efnum um allt hús.“

Einfaldar reglur

Margrét segir að það sé ekkert leiðinlegt að þrifa heimilið, eins og sumum finnist. „Það er svo gaman að sjá árangurinn. Þar fyrir utan þarf fólk að vera skipulagt og best að þrifa jafnóðum í stað þess að

standa á haus um helgar. Frekar að njóta helganna en þrifa aðra daga. Þegar gengið er frá þvottinum jafnóðum verður þetta allt miklu einfaldara. Það er ekkert sniðugt að kaupa fallett borð í stofuna en svo er það alltaf þakið hreinum þvotti,“ segir hún.

Þegar hún er spurð hversu oft þurfi að skúra gólf, segir hún það misjafnt eftir heimilum og hvernig sé gengið um. „Ef maður er með litla stráka sem pissa út fyrir þarf að skúra baðherbergisgólf, mun oftar en þar sem engin börn eru. Einnig þarf að skúra eldhúsgólf oftar en stofugólf fyrir utan að maður á ekki mikið að bleyta parkett. Frekar að strjúka yfir með rökum klút. Í bókinni auðvelda ég fólki lífið við hreingerningarnar.“

Margt hefur breyst

Hreingerningar hafa breyst mikið í árána rás. „Þegar konur voru heimavinnandi þrifu þær heimilið á meðan eiginmaðurinn vann úti. Þær gerðu miklar hreingerningar fyrir jól og á vorin, skiptu út gluggatjöldum og allir veggir voru þrifnir hátt og lágt. Allt var tekið út úr skáp-

„Ég kenni fólki að velja það einfaldasta, ódýrasta og umhverfisvænasta.“

um og viðrað utandyra að minnsta kosti tvisvar á ári. Þetta heyrir sögunni til. Nú hjálpast hjón að við heimilisþrif, enda bæði útvinnandi og jólahreingerningar þekkjast varla lengur.

Allt í drasli

Margrét var með vinsæla sjónvarpsþætti, *Allt í drasli*, á sínum tíma og fékk mikil viðbrögð við þeim. „Það var voða gaman að vera með þessa þætti og yndislegt að geta hjálpað fólki. Stundum verður draslið svo mikið að það verður óyfirstíganlegt. Þess vegna er best að gera þetta jafnóðum og hafa röð og reglu á hlutunum.“

Þetta er fyrsta bók Margrétar sem gefur lesendum fjölmörg gagnleg húsráð um leið og hún leiðbeinir um eitt og annað. „Þetta er fín og sæt bók með teiknuðum myndum,“ segir hún.

MILT

ÁN OFNÆMISVALDANDI EFNA
EINS OG ILM- OG LITAREFNA.

NÝTT
MILT FLJÓTANDI
ÞVOTTAEFNI
SVANSVOTTUÐ VARIA

MILT
HREIN TILVERA



Í átta og níu kílóa vélunum er einnig sjálfvirk skömmtun á þvottaefni, TwinDos kerfi fyrir þvottaefni í fljótandi formi.



Pátttakendur eiga möguleika á ríflegum endurgreiðslum í formi inneignarkorta, samtals að verðmæti 1.000.000 kr.

Þeim mun víðar um landið sem þú tekur eldsneyti þeim mun hærrí inneign getur þú unnið.

Skipting vinninga: 5 x 100.000 kr. | 5 x 50.000 kr. | 13 x 20.000 kr.



Skráðu **2 vikna tímabil** í sumar á **orkan.is** og fáðu **13 kr. afslátt** á Orkunni og Shell allan þann tíma með kortum og lykklum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Skráning og nánari upplýsingar á www.orkan.is

Orkulykillinn – *hagkvæmasti ferðafélaginn*



ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRÍ!

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**

SAMBIÓIN SAMbio.is

FRÁ PEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR

INSIDE OUT

CHICAGO SUN TIMES

VARIETY

THE TELEGRAPH

MÖGNUÐ GRÍNMYND SEM ALLIR VERÐA AÐ SJÁ.

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í FÓTBOLTA VALDI ÞESSA MYND.

FRÁ FRAMLEIÐANDANUM STEVEN SPIELBERG KEIUR EIN FLÓTTASTA MYND SUMARSINS

JURASSIC WORLD

entourage

DWAYNE JOHNSON

SAN ANDREAS

MAD MAX: FURY ROAD 2D

entourage

ALBATROSS

JURASSIC WORLD 2D

KEFLAVÍK

entourage

ALBATROSS

JURASSIC WORLD 2D

AKUREYRI

INSIDE OUT

entourage

SAN ANDREAS 2D

TOMORROWLAND

MAD MAX: FURY ROAD 2D

ALFABAKKA

INSIDE OUT 2D	kl. 3:40 - 5:50
INSIDE OUT 3D	kl. 3:40 - 5:50
ENTOURAGE	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30
ENTOURAGE VIP	kl. 8 - 10:30
JURASSIC WORLD 3D	kl. 5:20 - 8 - 10:40
JURASSIC WORLD 2D VIP	kl. 5:20
SAN ANDREAS 2D	kl. 8 - 10:30
TOMORROWLAND	kl. 5:20 - 8
MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 8 - 10:40
AVENGERS 2 2D	kl. 10:40

EGILSHÖLL

INSIDE OUT 2D	kl. 5:40
INSIDE OUT 3D	kl. 8
ENTOURAGE	kl. 5:40 - 8 - 10:20
JURASSIC WORLD 3D	kl. 5:20 - 8 - 10:35
SAN ANDREAS 2D	kl. 5:30 - 8 - 10:10
MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 10:30

KEFLAVÍK

ENTOURAGE	kl. 8 - 10:20
ALBATROSS	kl. 8
JURASSIC WORLD 2D	kl. 10:10

AKUREYRI

INSIDE OUT 2D	kl. 5:45
ENTOURAGE	kl. 8 - 10:30
SAN ANDREAS 2D	kl. 8
TOMORROWLAND	kl. 5:30
MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 10:30

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

ALBATROSS

STÓRSKEMMILEG NÝ ÍSLENSK GAMANMYND

INSIDE OUT

She's Funny That Way

JURASSIC WORLD

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is

HRÚTAR

SPY

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

JURASSIC WORLD 2D	5, 8, 10:35(P)
INSIDE OUT 2D - ÍSL TAL	3:50, 6
SHE'S FUNNY THAT WAY	8, 10
HRÚTAR	4, 6
SPY	8, 10:30

Streep stolt af dætrum sínum

Leikkonan Meryl Streep er ánægð með að tvær af dætrum hennar, Gracie og Mamie Gummer, láta velgengi hennar ekki koma í veg fyrir að þær sjálfar láti reyna á feril í leiklist.



MERYL STREEP

Streep sagði í viðtali að hún væri mjög stolt af dætrum sínum að láta ekki alla pressuna og athyglina sem fylgdi því að vera dætur hennar stoppa þær í að láta drauma sína rætast. Það eina sem hún vildi væri að þær væru hamingjusamar.

50 Cent vill græða peninga með Zayn Malik

Rapparinn sagði í viðtali að hann teldi þá geta hagnast umtalsvert á samstarfi og Malik, sem hyggur nú á sólóferil eftir brotthvarf úr breska strákabandinu One Direction, þyrfti að vanda valið á samstarfsfélögum.

Rapparinn 50 Cent langar til þess að búa til tónlist með Zayn Malik, sem er best þekktur fyrir að hafa verið meðlimur í strákabandinu One Direction.

Malik yfirgaf bandið í mars síðastliðnum og hefur frá brotthvarfinu úr sveitinni verið á samningi hjá Simon Cowell, en One Direction risu til frægðar og frama eftir þáttöku í sjöundu seríu af raunveruleikabættinum X Factor þar sem Cowell er einmitt dómari. 50 Cent sagði í viðtali við dagblaðið Daily Newspaper að hann hefði áhuga á því að vinna með Malik og heldi að þeir gætu báðir hagnast umtalsvert á samstarfinu; einnig teldi hann mikilvægt fyrir Malik að vinna með réttum framleiðendum og listamönnum en Malik hyggur nú á sólóferil og er sagður vinna með framleiðandum Naughty Boy og 50 Cent vill sjá hann færa sig yfir í rappið.

50 Cent hefur hagnast umtalsvert á síðustu árum á tónlist, ýmiss konar viðskiptum, framleiðslu og fatalínu, er einn af ríkustu tón-



STEFNIR Á SÓLÓFERIL Það varð uppi fótur og fit þegar Malik yfirgaf One Direction. NORDICPHOTOS/GETTY

listarmönnum Bandaríkjanna og er á lista Forbes metinn á 101 milljón punda.

One Direction er eitt vinsælasta strákaband heimsins í dag og gáfu þeir út fyrstu plötu sína, Up All Night, árið 2011 og hafa síðan þá gefið út fjórar breiðskífur sem allar hafa átt góðu gengi að fagna.



VALDAMIKILL 50 Cent hefur farnast afar vel en hann steig fram á sjónarsviðið árið 1998. NORDICPHOTOS/GETTY



Garðsláttur.

FÁÐU GARÐSLÁTTINN Í ÁSKRIFT Í SUMAR.

Til fjölda ára hefur Garðlist þjónustað viðskiptavinina sína með garðslátt í formi áskriftar. Við bjóðum upp á fjölmargar lausnir sem miða af viðhaldsbörf hverrar lóðar.

Hafðu samband, þetta gæti verið ódýrara en að kaupa sér nýja sláttuvél.



554 1989 www.gardlist.is

TRAUSTR ÞJÓNUSTA Í YFIR 20 ÁR

Frá því Garðlist ehf. var stofnað fyrir 26 árum síðan, höfum við haft það að leiðarféni að veita framúrskarandi þjónustu fyrir garðinn á einum stað. Við þökum þeim þúsundum einstaklinga, húsfélaga og fyrirtækja sem við höfum átt í viðskiptum við unandarnir á, á samán tíma og við bjóðum nýja viðskiptavinum hjartanlega velkomna.

GARÐLIST
ALHLÍDA GARÐÞJÓNUSTA
Tunguhálsi 7 | 110 Reykjavík | 554 1989 | www.gardlist.is



VIRT LEIKKONA Goldberg hefur unnið til fjölda verðlauna á ferlinum. NORDICPHOTOS/GETTY

Whoopi Goldberg vill vinna með Anderson

Leikkonan lét leikarann Jason Schwartzman hafa ferilskrá sína og bað hann að koma henni til skila.

Bandaríska leikkonan Whoopi Goldberg hefur áhuga á því að vinna með leikstjóranum Wes Anderson.

Goldberg, sem stýrir spjallþættinum The View, lét leikarann Jason Schwartzman hafa ferilskrá sína og bað hann um að koma henni til leikstjórans þegar hann var gestur í þættinum. Goldberg sagði við Schwartzman að hún væri stórhöfnin af myndum leikstjórans en hefði aftur á móti tekið eftir því að lítið væri af þeldökku fólki í myndunum hans og bað leikarann

að koma því til skila að hún væri laus í verkefni.

Schwartzman hefur í gegnum tíðina leikið í fjölda mynda eftir Anderson, meðal annars Grand Budapest Hotel og Moonrise Kingdom.

Goldberg hefur unnið til tvennra Óskarsverðlauna, fyrir myndirnar The Color Purple og Ghost og er ein af fáum sem unnið hafa til Óskarsverðlauna, Emmy-verðlauna, Tony-verðlauna og Grammy-verðlauna en hún kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1981.



SOL GRYNN[®]

Hell, ristuoð hafragrjón



SÓLSKIN BEINT
Í HJARTASTAÐ

Dagný með Selfossi í allt sumar

Dagný Brynjarsdóttir hafnaði tilboðum frá norskum og sænskum liðum og ætlar að halda áfram að hjálpa ungu stelpunum í Selfossi að skrifa nýja sögu. Dagný vonast eftir því að klára viðburðaríkt ár í áströlsku deildinni og vill ekki spila í Þýskalandi eða í Frakklandi.

FÓTBOLTI Landsliðskonan Dagný Brynjarsdóttir talar um órlög þegar hún ræðir um ástæður þess að hún sé aftur komin í Selfoss þegar hún ætlaði að vera að spila knattspyrnu í New York. Dagný spilaði bara hálf tímabil með Selfossi í fyrra og missti meðal annars af bikarúrslitaleiknum en hún ætlar að hjálpa hinu unga liði Selfoss fram í lokaumferðina í haust.

„Það var svolítið svekkjandi að vera ekki á leiðinni til Bandaríkjanna því ég var búin að gíra mig í það. Það gerir þetta miklu skemmtilegra að það gangi vel með Selfossi og stelpurnar eru líka sáttar við að ég sé hérna,“ segir Dagný. Selfoss tapaði fyrsta leiknum þar sem hún sat uppi í stúku en hefur síðan unnið sex leiki í röð. Í fyrra yfirgaf hún liðið fyrir bikarúrslitaleikinn en nú fórnar hún tækifærum til að spila á Norðurlöndum eftir HM-fríið.

„Ég er búin að fá samningstilboð frá Noregi og Svíþjóð og ég neitaði þeim. Ég er því búin að taka ákvörðun um að klára tímabilið með Selfossi,“ sagði Dagný í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég var ekki alveg tilbúin að fara aftur út og spila bara í hálf tít. Það er örúvísi að koma ný inn í lið á miðju tímabili og ég var ekki tilbúin að gera það aftur. Ég er búin að ákveða það að spila hér heima fram í september og ef það gengur upp þá ætla ég líka að spila frá september til desember úti í Ástralíu,“ segir Dagný.

Vildi komast til Japans

„Sænsku og norsku deildirnar klárast í október og ég ætla að fara til Bandaríkjanna á næsta ári en sú deild byrjar ekki fyrr en í

mars. Mér fannst of langt að spila ekkert frá október fram í mars,“ segir Dagný og hún var um tíma að reyna að komast til Asíu.

„Það eru ekki margar deildir í gangi en það er verið að spila í Þýskalandi, Frakklandi, Japan og Ástralíu. Ég ætla ekki til Þýskalands aftur og ég er ekki spennt fyrir Frakklandi því þar eru tvö topplið sem eru að vinna leikina sína 10-0. Ég ætlaði að reyna að komast til Japans, því fyrrverandi aðstoðarþjálfari minn hjá Florida State er Japani og hann er með fullt af góðum samböndum þar. Það kom hins vegar í ljós fyrir helgi að það er ekki að ganga upp vegna peningamála því það er ekki verið að taka útlendinga inn í Japan. Núna ætla ég að reyna að komast að í Ástralíu og nú er bara spurning um hvort ég finn lið,“ segir Dagný.

Núna vita þær að þær eru góðar

Dagný sér meiri trú í Selfossliðinu í ár en í fyrra. „Í ár hafa þær meiri trú því þær vita að þær eru góðar. Það skiptir miklu máli að þær hafi trú á því að þær geti þetta,“ segir Dagný og það efast enginn um að innkoma hennar hefur skipt Selfossliðið miklu máli. Hún talar líka um góðan stuðning. „Það eru stelpur í liðinu frá Þorlákshöfn, Selfossi, Hveragerði, Hellu og Hvolsvelli. Við erum því með stuðning frá öllum Suðurlandinu,“ segir Dagný.

Dagný Brynjarsdóttir er að spila með sínu þriðja liði á innan við ári og alls staðar hefur gengið vel, bæði hjá henni og liðinu hennar. En hefur hlutverk hennar verið ólíkt í þessum þremur liðum.

„Þegar ég hætti hjá Florida



Á SIGURBRAUT Selfossliðið hefur unnið alla leikina sem Dagný Brynjarsdóttir hefur spilað í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

State þá var ég fyrirliðinn og með stórt hlutverk. Mér tókst að vinna titilinn á síðasta tímabilinu mínu í skólanum. Hjá Bayern var ég eini nýliðinn sem kom inn í lið sem var búin að vera saman í hálf tít. Ég spila bara seinni helminginn og þurfti því að berjast fyrir mínu og sanna mig. Ég var með Selfossi í fyrra og þekki þær flestar. Við Gumma (Guðmundu Brynja Óladóttir) erum einu A-landsliðskonurnar en ég er með mun fleiri leiki og það er ætlast til þess að ég spili vel og geri eitthvað gagn,“ segir Dagný og hún kann vel við það að vera í ábyrgðarhlutverki í sínu liði.

Gæti ekki spilað í Frakklandi

„Ég gæti ekki spilað í Frakklandi þar sem maður fer í leiki og veit að þú ert að fara vinna 10-0. Það er bara leiðinlegt. Það er miklu skemmtilegra að fara í leiki þar sem þú veist að þú þarft að spila vel til að geta unnið. Ég hefði getað farið í annað lið því það höfðu fleiri íslensk lið samband. Mér finnst meira spennandi að fara í lið þar sem ég þarf að spila hundræð prósent ef við ætlum að vinna. Það er ekki gaman að spila bara af 70 prósent getu en vinna samt,“



→ 34 leikir í röð án þess að tapa

Dagný Brynjarsdóttir tapaði síðast leik með félagliði í september í fyrra eða fyrir 290 dögum. Selfoss hefur unnið alla sex leiki sína í deild (5) og bikar (1) síðan hún birtist óvænt í herbúðum liðsins í maí og Dagný tapaði heldur ekki leik (7 sigur og 2 jafntefli) með þýska liðinu Bayern München en hún varð þýskur meistari í maí. Dagný varð auk þess bandarískur háskólameistari með Florida State í desember en Florida State tapaði ekki í nítján síðustu leikjunum sem Dagný spilaði með liðinu.

Dagný hefur þannig spilað 34 mótssleiki í röð með Florida State (19), Bayern München (9) og Selfossi (6) án þess að tapa en síðasti tapleikur hennar var 5. september 2014. Síðan þá hafa liðin með hana innanborðs unnið 31 leik og gert 3 jafntefli.

segir Dagný. Næst á dagskrá er toppslagur við Breiðablik.

„Fólk myndi kannski segja að Breiðablik væri sterkara á blaði, með fleiri landsliðsmenn og eldra og reyndara lið. Við unnum þær þarna í fyrra og ef við spilum allar okkar besta leik eins og í fyrra þá er aldrei að vita hvað gerist. Selfoss hefur aldrei náð því að komast í toppsætið en Selfossliðið hefur alltaf verið að skrifa nýja og nýja sögu nánast í hverjum mánuði síðan liðið komst upp í Pepsi-deildina. Ef við vinnum Breiðablik þá er komin enn ein ný saga,“ segir

Dagný. Hún segir metnaðinn vera mikinn hjá liðsfélögum sínum.

„Ég er búin að upplifa mikið á mínum ferli til þessa og það er gaman að hjálpa ungu leikmönnum að reyna að gera það sama. Mér finnst gaman að hjálpa stelpum sem vilja komast í A-landsliðið og þegar þær spyrja mig hvort ég geti komið með þeim á aukæfingu eða hvort þær megi koma með mér því ég æfi mikið aukalega. Þær vilja bæta sig og þær langar að ná langt og það er gaman að spila með þannig liðsfélögum,“ sagði Dagný að lokum. ooj@frettabladid.is

Golfmót Samiðnar 26. júní

Samiðnargolfmótið verður haldið á Hlíðarvelli í Mosfellsbæ föstudaginn 26. júní.

Mótið er jafnframt innanfélagsmót Byggðnar og FIT og opið öllum félagsmönnum Samiðnar og fjölskyldum þeirra. Ræst verður út sameiginlega af öllum teigum kl. 16.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 535 6000 eða skrifstofa@samidn.is
www.samidn.is

pepsi deildin MÁNUD. KL. 19:30 SPORT SPORT²

STJARNAN – KR

Einn stærsti leikur tímabilsins fer fram í Garðabæ á mánudag þegar Íslandsmeistarar Stjörnunnar fá KR-inga í heimsókn. Þú vilt alls ekki missa af þessum risaslag.

Fínasta frumraun í 2. deildinni

Íslenska landsliðið komst á pall í ellefu greinum og náði sjötta sætinu í Búlgaríu.

FRJÁLSAR Íslenska frjálsíþrótta-landsliðið varð í sjötta sæti í 2. deild Evrópukeppni landsliða sem fór fram í Stara Zagora í Búlgaríu um helgina. Ísland varð ofar en bæði Kýpur og Slóvenía en íslenska liðið missti fimmta sætið til Króatíu á seinni deginum.

Þetta var samt mjög góð frammistaða hjá íslenska liðinu í frumraun sinni í 2. deild og gefur góð fyrirheit fyrir næsta ár. Ekkert land féll úr 2. deildinni að þessu sinni en Ísland hefði hvort sem er haldið sæti sínu. Danir komu mörgum á óvart og unnu glæsilegan sigur eftir baráttu við heimamenn í Búlgaríu.


Ísland komst á pall í ellefu greinum af 40, þar af voru þau Hafdís Sigurðardóttir og Kolbeinn Höður Gunnarsson á palli í tveimur greinum. Kolbeinn Höður varð þriðji í bæði 200 metra og 400 metra hlaupi.

Hafdís Sigurðardóttir náði bestum árangri með því að vinna langstökk kvenna og jafna Íslandsmet

sitt í leiðinni þegar hún stökk 6,45 metra. Hafdís var síðan einnig í 3. sæti í 400 metra hlaupi. Ásdís Hjálmsdóttir vann spjótkestið en hún og Hafdís tóku einu gull Íslands á mótinu.

Þrjú úr íslenska hópnum náðu öðru sæti en það voru þau Aníta Hinriksdóttir í 800 metra hlaupi, Hulda Þorsteinsdóttir í stangarstökki og Hlynur Andrésson í 5000 metra hlaupi. Guðmundur Sverrisson náði þriðja sæti í spjótkesti og það gerðu einnig Arna Stefánía Guðmundsdóttir í 400 metra grindarhlaupi og Óðinn Björn Þorsteins-son í kúluvarpi.

Stelpurnar náðu 52,5 stigum á frábærum fyrri degi og virtust ætla að ná fleiri stigum í hús en karlarnir. Það fór ekki svo því strákarnir náðu í 43 stig á seinni deginum á sama tíma og aðeins 25 stig komu í hús hjá íslensku stelpunum sem glímdu við meðslí á seinni deginum. Karlarnir fengu því 79 stig á móti 77,5 stigum hjá konunum.



FULLT HÚS OG ÍSLANDSMET Hafdís Sigurðardóttir náði í alls 22 stig um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/XXX

Heiða: Núna þorði ég að vinna

Axel Bóasson og Heiða Guðnadóttir urðu Íslandsmeistarar í holukeppni um helgina.

GOLF Það voru skrifuð ný nöfn á bikarinn hjá báðum kynjum þegar Axel Bóasson úr Keili og Heiða Guðnadóttir úr Golfklúbbi Mosfellsbæjar tryggðu sér sigur á Íslandsmótinu í holukeppni sem fór fram á Jaðarsvelli á Akureyri um helgina.

Axel Bóasson hafði nokkra yfirburði í úrslitaleiknum gegn Benedikt Sveinssyni úr Keili og sigraði Axel 6/5. Þetta er í fyrsta sinn sem Axel sigrar á Íslandsmótinu í holukeppni en hann hefur einu sinni sigrað á sjálfu Íslandsmótinu (2011). Axel sigraði Stefán Má Stefánsson úr GR í

undanúrslitum 4/3 en Theodór Emil Karlsson úr GM hafði síðan betur gegn Stefáni í leik um þriðja sætið.

„Þetta var öðruvísi tilfinning enda var ég að spila við félagi minn til margra ára úr Keili. Við erum búnir að vera saman í bústað frá því á miðvikudaginn. Ég er búinn að leggja mikið á mig undanfarin tvö ár og frábært að fá stóran titil eftir allt saman. Þessi sigur er góður fyrir sjálfstraustið og framhaldið,“ sagði Axel Bóasson við fréttaritara GSÍ eftir sigurinn.

Heiða Guðnadóttir vann Ólafíu Þórúnni Kristinsdóttur úr GR í úrslitum

4/3. Signý Arnórsdóttir úr Keili varð þriðja eftir 2/0 sigur gegn Önnu Sólveigu Snorradóttur úr GK.

„Ég kom sjálfri mér á óvart á þessu móti og núna þorði ég að vinna,“ sagði Heiða við fréttaritara GSÍ eftir sigurinn en hún tapaði í fyrri í undanúrslitum fyrir systur sinni, Karen Guðnadóttur úr GS. „Það var gott að fá smá hvíld eftir undanúrslitaleikinn sem ég nýtti til þess að hlusta á tónlist og íþróttasálfræði úti í bíl. Ég ákvað eftir lesturinn á íþróttasálfræðingnum Bob Rotella að þúttu eins og barn,“ sagði Heiða.

ÍSLANDSMEISTARAR Axel Bóasson úr Keili og Heiða Guðnadóttir úr GM með Íslandsmeistarabikarana á Akureyri í gær. MYND/GOLFSAMBAND ÍSLANDS



FYRSTI LEIKUR Í DAG



STELPUKAR KLÁRAR EM sautján ára landsliða kvenna fer fram á Íslandi og hefst í dag. Ísland mætir Pýskalandi klukkan 19.00 í Grindavík en það verður spilað klukkan 13 og 19 í bæði Grindavík og í Kópavogi.



Mörkin: 0-1 Jonathan Glenn, víti (39.), 1-1 Kristinn Freyr Sigurðsson (70.).

VALUR (4-3-3): Ingvar Þór Kale 5 - Andri Fannar Stefánsson 5, Thomas Guldborg Christensen 6, Orri Sigurður Ómarsson 6, Bjarni Ólafur Eiríksson 6 - Iain James Williamson 6 (81. Baldvin Sturluson -), Haukur Páll Sigurðsson 6, *Kristinn Freyr Sigurðsson 7 - Daði Bergsson 4 (61. Tómas Óli Garðarsson 5), Patrick Pedersen 6, Sigurður Egill Lárusson 5 (61. Haukur Ásberg Hilmarsson 5).

ÍBV (x-x-x): Guðjón Orri Sigurjónsson 6 - Jonathan Patrick Barden 5, Hafsteinn Briem 5, Avni Pepa 5 (70. Jón Ingason 5), Tom Even Skogsrud 6 - Mees Junior Siers 5, Gunnar Þorsteinsson 5, Jonathan Glenn 6 - Víðir Þorvarðarsson 6, Bjarni Gunnarsson 5 (89. Dominic Adams), Aron Bjarnason 6 (74. Ian David Jeffs -).

Skot (á mark): 10-8 (4-4) **Horn:** 2-2
Varin skot: Ingvar Þór 2 - Guðjón Orri 2.



Mörkin: 0-1 Arnþór Ari Atlason (69.), 1-1 Kassim Doumbia (90.+3). Bjarni Þór Viðarsson fékk rautt spjald í uppbótartíma (90.+1).

FH (4-4-2): Róbert Örn Óskarsson 5 - Jón Ragnar Jónsson 5, Pétur Viðarsson 6, Kassim Doumbia 6, Böðvar Böðvarsson 5 - Jeremy Serwy 4 (60. Brynjar Ásgeir Guðmundsson 5), Bjarni Þór Viðarsson 4, Davíð Þór Viðarsson 5, Þórir Ingi Valdimarsson 3 (80. Atli Viðar Björnsson -) - Steven Lennon 4, Kristján Flóki Finnbogason 4 (60. Atli Guðnason 5).

BREIÐABLIK (4-3-3): Gunnleifur Gunnleifsson 7 - Arnór Sveinn Aðalsteinsson 6, Elfar Freyr Helgason 7, Damir Muminovic 7, Kristinn Jónsson 6 - Oliver Sigurjónsson 6, Andri Rafn Yeoman 6, *Arnþór Ari Atlason 7 - Guðjón Pétur Lýðsson 7, Atli Sigurjónsson 6 (87. Ellert Hreinsson -), Ellert Hreinsson 5 (82. Sólun Breki Leifsson -).

Skot (á mark): 6-10 (3-3) **Horn:** 4-6
Varin skot: Róbert Örn 2 - Gunnleifur 2

PEPSI DEILDIN 2015

FH	9	6	2	1	20-9	20
Breiðablik	9	5	4	0	16-6	19
Fjölnir	8	5	2	1	14-7	17
Valur	9	4	3	2	16-11	15
KR	8	4	2	2	14-10	14
Stjarnan	8	3	3	2	10-10	12
Fylkir	8	2	3	3	9-11	9
Leiknir R.	8	2	2	4	10-13	8
Víkingur R.	8	1	3	4	11-16	6
ÍA	8	1	3	4	4-10	6
ÍBV	9	1	2	6	8-19	5
Keflavík	8	1	1	6	7-17	4

NÆSTU LEIKIR

Í kvöld: 19.15 Leiknir R.-Fylkir, Víkingur R.-Fjölnir, ÍA-Keflavík. 20.00 Stjarnan-KR.
Föstudagur 26. júní: 19.15 Fylkir-Víkingur R.

visir.is

Meira um leiki gærkvöldsins


NÝTT MÁNUDAGA 20:25

FEDGAR Á FERÐ

HEFST Í KVÖLD KL. 20:25

FEDGAR Á FERÐ

Frábærir þættir þar sem feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið sunnanvert og taka hús á skemmtilegu fólki sem á það sameiginlegt að hafa einstaklega jákvæða sýn á lífið. Eins og þeim einum er lagt ná feðgarnir alltaf að líta á björtu hliðarnar og hafa sérstaka hæfileika til þess að draga það besta úr hversdagsleikanum.



22:10

TRUE DETECTIVE

Önnur þáttaröðin af þessum hörkuspenningi þáttum þar sem hópur reyndra lögreglumanna fær á borð til sín erfið og hrottalega mál til rannsóknar. Í aðalhlutverkum eru þau Colin Farrell, Vince Vaughn, Rachel McAdams og Taylor Kitsch.

SKEMMTILEGUR MÁNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:50

FRESH OFF BOAT

Gamanþættir um tævenska fjölskyldu sem flytur til Ameríku á tíunda áratugnum og freistar þess að fá að upplifa ameríska drauminn.



21:15

ORANGE IS THE NEW BLACK

Þriðja þáttaröðin af þessum verðlaunabáttum. Þáttaröðin er svo í heild sinni á Stöð 2 Frelsi.



ÖLL ÞÁTTARÖÐIN Á STÖÐ 2 FRELSI

21:40

VICE

Áhrifamiklir og ferskir fréttaskýringarþættir frá HBO þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar um heim allan.



22:00

GRAVITY

Spennutryllir í leikstjórn Alfonso Cuarón með Sandra Bullock og George Clooney í aðalhlutverkum.



21:40

STRIKE BACK

Þáttaröð sem byggð er á samnefndri sögu eftir fyrrum sersveitarmann í breska hernum.



19:00

FRANKLIN

Skemmtileg teiknimynd um ævintýralegu skjaldböckuna Franklin.



DAGSKRÁ

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 The Middle
08.25 Selfie
08.50 2 Broke Girls
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Animals Guide to Survival
11.05 Lífsstíll
11.25 Fókus
11.50 Harry's Law
12.35 Nágrannar
13.00 X-factor UK
14.50 X-factor UK
15.50 Hart of Dixie
16.35 ET Weekend
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.40 Mike & Molly
20.00 The New Girl
20.20 Feðgar á ferð
20.45 Fresh Off the Boat
21.10 Orange Is the New Black
22.10 True Detective
23.10 Vice
23.40 Daily Show: Global Edition
00.05 White Collar
00.50 Veep
01.20 A.D. Kingdom and Empire
02.05 Murder in the First Nýir og hörkuspenningi þættir þar sem eitt stórt og flókið sakamál til umfjöllunar frá upphafi til enda út þáttaröðina. Listi hinna grunaðra virðist endalaus og erfitt er að finna ástæðu fyrir hrottalegu morði á ungrri konu. Rannsóknarlögregluteymið Terry English og Hildy Mulligan kalla ekki allt ömmu sína og velta við öllum steinum á leið sinni til þess að finna sannleikann í þessu máli. Með aðalhlutverk fara Taya Diggs, Katherleen Robertson og Harry Potter-stjarnan Tom Felton.
02.45 Last Week Tonight With John Oliver
03.15 Louie
03.40 Underworld: Awakening
05.05 In a World ...

SPORT

besta sætið
07.00 FH - Breiðablik
08.50 Valur - ÍBV
11.50 Lettland - Holland
13.30 Formúla 1 2015 - Austurríki
15.50 FH - Breiðablik
17.40 Valur - ÍBV
19.30 Stjarnan - KR Bein útsending
22.00 Pepsímörkin 2015
23.15 Stjarnan - KR
01.05 Pepsímörkin 2015

SPORT 2

enski boltinn
11.15 Arsenal - Man. City
13.00 Valur - ÍBV
14.50 FH - Breiðablik
16.40 Arsenal - Tottenham 29.10.08
17.10 Newcastle - Arsenal
18.55 Manstu Önnur spurning um þessum bráðskemmtilegu spurningabáttum.
19.30 Stjarnan - KR Bein útsending
22.00 Pepsímörkin 2015
23.15 PL Classic Matches: Everton - Man United, 2003
23.45 Premier League World 2014
00.15 FH - Breiðablik

INN

11.00 Íslands Safari **11.30** Siggí Stormur
12.00 Hrafnáping **13.00** Lífæð Íslands **13.30** Skuggaráðuneytið **14.00** Björn Bjarna **14.30** Auðlindakistan **15.00** Á ferð og flugi **15.30** Sjóntvarp Kylfings **16.00** Landsbyggðin á Hrafnápingi **17.00** Auðlindagarðurinn **17.30** Sjóntvarp Víkurfréttar **18.00** Hrafnáping **19.00** Hvíta tjaldid **19.30** Eldhús meistaranna

STÖÐ 3

16.50 The World's Strictest Parents
17.50 One Born Every Minute UK
18.40 Suburgatory
19.00 The Amazing Race Keppni þar sem tveggja manna lið eru í æsispenningi kapphlaupi um heiminn og dramatíkin ræður ríkjum frá upphafi til enda.
19.45 Wilfred
20.10 Drop Dead Diva
20.55 No Ordinary Family Ósköp venjuleg fjölskylda sem skyndilega öðlast yfirnáttúrulega hæfileika eftir flugslys sem þau lentu í á ferðalagi sínu til Brasilíu.
21.40 Strike Back
22.25 The Amazing Race
23.10 Wilfred
23.30 Drop Dead Diva
00.15 No Ordinary Family
01.00 Strike Back
01.45 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakka Stöðin

07.00 Brunabíllarnir **07.22** Ævintýri Tinna **07.47** Ævintýraferðin **08.00** Lukku-Láki **08.25** Latibær **08.47** Elías **09.00** Dóra könnuður **09.24** Mörgæsinar frá Madagaskar **09.45** Doddi litli og Eyrnastór **09.55** Sumardalsmyllan **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.24** Svampur Sveinsson **10.49** Tommi og Jenni **10.55** UKI **11.00** Brunabíllarnir **11.22** Ævintýri Tinna **11.47** Ævintýraferðin **12.00** Lukku-Láki **12.25** Latibær **12.47** Elías **13.00** Dóra könnuður **13.24** Mörgæsinar frá Madagaskar **13.45** Doddi litli og Eyrnastór **13.55** Sumardalsmyllan **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveinsson **14.49** Tommi og Jenni **14.55** UKI **15.00** Brunabíllarnir **15.22** Ævintýri Tinna **15.47** Ævintýraferðin **16.00** Lukku-Láki **16.25** Latibær **16.47** Elías **17.00** Dóra könnuður **17.24** Mörgæsinar frá Madagaskar **17.45** Doddi litli og Eyrnastór **17.55** Sumardalsmyllan **18.00** Áfram Diego, áfram! **18.24** Svampur Sveinsson **18.49** Tommi og Jenni **18.55** UKI **19.00** Franklín

GULLSTÖÐIN

17.55 Friends
18.20 Modern Family
18.45 Mike & Molly
19.05 The Big Bang Theory
19.30 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll, Sjóntvarpsmaðurinn vinsæli heimsækir fólk á öllum aldri og kynnir landsmönnum nýja hlið á þeim sem eru í eldlínunni. Sjálfstætt fólk fékk Edduverðlaunin 2003 sem besti sjóntvarpsþátturinn.
20.20 Eldsnöggt með Jóa Fel
20.50 Sisters
21.35 Hostages
22.20 Curb Your Enthusiasm Larry reynir að ná sáttum við Braudy-fjölskylduna. Jeff flytur heim aftur, en heimkominn er ekki eins ánægjuleg þegar Jeff er með ofnæmi fyrir nýja fjölskyldumeðliminum.
22.50 Grimm
23.35 Sjálfstætt fólk
00.20 Eldsnöggt með Jóa Fel
00.50 Sisters
01.35 Hostages
02.15 Curb Your Enthusiasm
02.45 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

11.25 Did You Hear About the Morgans
13.10 Great Expectations
15.00 The Mask
16.40 Did You Hear About the Morgans
18.25 Great Expectations Nútímaútgáfa á klassískri sögu Charles Dickens. Finn og Estella sem léku sér saman sem börn hittast að nýju áratug síðar þegar Finn er við listnám í New York. Þau stíga í væginn hvort við annað en eru hrædd við að stíga skrefið til fulls.
20.15 The Mask
22.00 Gravity Spennutryllir í leikstjórn Alfonso Cuarón frá 2013 með Sandra Bullock og George Clooney í aðalhlutverkum. Tveir geimfarar lenda í bráðri lífshættu þegar geimfarar þeirra lendir í geimrusl-drífu og laskast svo mikið að viðgerð er óhugsandi.
23.35 Red Lights
01.25 Dark Tide
03.20 Gravity

RÚV

16.25 Dýragarðurinn okkar
17.20 Tréfú Tom
17.42 Um hvað snýst þetta allt?
17.47 Loppulúði, hvar ertu?
18.00 Skúli skelfir
18.11 Verðlaunafé
18.15 Táknafréttir
18.25 Í garðinum með Gurrý
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Tilhugalíf Vandaður heimildarþáttur frá BBC þar sem Sir David Attenborough tekur dæmi um rómantikina í dýraríkinu. Ástriðudansar, tilkomumikill söngur, slagsmál og tryggð sýnir allt að dýrin geta verið myndin og uppátækjasöm þegar þegar þau reyna að fanga athygli hins kynsins.
21.00 Dicte
21.45 Hið sæta sumarlíf Mette Blomsterberg er komin í sumarþak og töfrar fram einfalda og sumarlega eftirrétti.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Kvöldstund með Jools Holland Vinsæll breskur tónlistarþáttur í umsjón Jools Holland. Fjölbreytt tónlist er leikin í hverjum þætti og eru gestir þáttarins Prim-al Scream, Haim, Everything Everything, Ana Moura, Night Beds og Jamie Cullum.
23.20 HM-stofa
23.40 Kastljós
00.05 Fréttir
00.20 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.23 Dr. Phil
09.07 The Talk
09.47 Pepsi MAX tónlist
13.35 Cheers
14.00 Dr. Phil
14.40 Rules of Engagement
15.05 Psych
15.50 Reign
16.30 Judging Amy
17.10 The Good Wife
17.50 Dr. Phil
18.30 The Talk
19.10 Kitchen Nightmares
19.55 The Office
20.15 Top Chef
21.00 Rookie Blue
21.45 Flashpoint
22.30 Sex & the City
22.55 Hawaii Five-0
23.40 Parenthood
00.25 Nurse Jackie
00.50 Californication
01.20 Rookie Blue
02.05 Flashpoint
02.50 Sex & the City
03.15 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 US Open 2015 **13.00** Golfing World 2015 **13.50** Inside the PGA Tour 2015 **14.15** Kvennaröð **17.15** Lífsins list **13.45** Grillspaðinn **14.00** Helgin **14.30** Kvennaröð **15.15** Lífsins list **15.45** Grillspaðinn **16.00** Helgin **16.30** Kvennaröð **17.15** Lífsins list **17.45** Grillspaðinn **18.00** Helgin **18.30** Kvennaröð **19.15** Lífsins list **19.45** Grillspaðinn **20.00** Lífsstíll **20.30** Kíkt í skúrinn **21.00** Úr smíðju Páls Steingrímssonar **22.00** Lífsstíll **22.30** Kíkt í skúrinn **23.00** Úr smíðju Páls Steingrímssonar

HRINGBRAUT

10.00 Helgin **10.30** Kvennaröð **11.15** Lífsins list **11.45** Grillspaðinn **12.00** Helgin **12.30** Kvennaröð **13.15** Lífsins list **13.45** Grillspaðinn **14.00** Helgin **14.30** Kvennaröð **15.15** Lífsins list **15.45** Grillspaðinn **16.00** Helgin **16.30** Kvennaröð **17.15** Lífsins list **17.45** Grillspaðinn **18.00** Helgin **18.30** Kvennaröð **19.15** Lífsins list **19.45** Grillspaðinn **20.00** Lífsstíll **20.30** Kíkt í skúrinn **21.00** Úr smíðju Páls Steingrímssonar **22.00** Lífsstíll **22.30** Kíkt í skúrinn **23.00** Úr smíðju Páls Steingrímssonar

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Raðíó
 FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2
 FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957
 FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið
 FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100
 FM 102,9 Lindin

Afmælistónleikar

Afmælistónleikar

Afmælistónleikar

Rið tríð

i hálfra öld

Afmælistónleikar

Afmælistónleikar

23. október
í Eldborg

DÆGURFLUGAN

Afmælistónleikar

Ég sá þig snemma dags, Dýrið gengur laust,
Á pöbbinn, Fröken Reykjavík, Verst af öllu
og öll hin lögin sem hafa lifað í góðri
og farsælli sambúð með þjóðinni
öll þessi ár.

Afmælistónleikar

Afmælistónleikar



HARPA

Miðasala hefst 25.júní kl.10.

tix.is | harpa.is | 528-5050

Hugsið ykkur: Nú er hálf öld liðin frá því að Rið tríðið var stofnað. Tíminn flýgur. Helgi P., Ágúst, Snorri Helgason og Bjessi Thor ásamt hljómsveit undir stjórn Gunnars Þórðarsonar í Hörpu, rifja upp og renna í helstu smelli, í bland við heimspekileg gamanmál af ýmsum toga.

Textaskáldið hrjúfa, Jónas Friðrik kemur í sérstaka opinbera heimsókn frá Raufarhöfn og hlýðir félögum sínum yfir ódauðlegar textasmíðar sínar.

Rið

MÁNUDAGSLAGIÐ



Það mun vera hafrámjöl og allar gerðir af fræjum og hnetum sem eru til í húsinu, frosin bláber, gojiber og sojamjól. Svo mjög margir sterkir kaffibollar.

Vala Kristín Eiríksdóttir leikkona og annar handritshöfundur þáttanna Þær tvær.

Frægasti sauðfjárgetnaðurinn á Íslandi

Við upptökur á kvikmyndinni Hrútum urðu til falleg lömb sem fæddust í mars og eru við góða heilsu.

Þeir sem hafa séð myndina Hrúta, sem leikstýrt er af Grími Hákonarsyni, muna eflaust eftir eðlun hrúts og kindar í einu atriði myndarinnar.

Magnús Skarphéðinsson, bóndi í Bárðardal, sá um sauðféð við upptökur og sagði það hafa staðið sig afar vel. „Þetta var ekkert mál fyrir þau. Getnaðurinn náðist í einni töku og þau stóðu sig með þrýði.“

Kindin bar lömbum í mars sem voru getin við upptöku á myndinni. „Það heilsast öllum vel hér

á bæ og lömbin eru við hestaheilsu,“ segir Magnús. Kvikmyndin er enn í sýningu í bióhúsum landsins ef fólk vill fá að sjá með eigin augum þessa fallegu stund. Myndin vakti mikla lukku á Cannes-hátíðinni í maí síðastliðnum. Hún hlaut meðal annars lof allra helstu gagnrýnenda og var fyrsta íslenska myndin í fullri lengd til þess að vinna Un Certain Regard-verðlaunin. -gj

FRÆGUR GETNAÐUR Magnús bóndi alsæll með fallegu afkvæmin. MYND/DILJA



Íslenskur bjöllukór spilar í Carnegie Hall

Í bjöllukórnum eru nemendur í Tónlistarskóla Reykjaneshæjar. Þau halda utan í sína fyrstu utanlandsferð og koma meðal annars fram í Carnegie Hall.

„Hann spurði hvort við hefðum tíma og áhuga á því að vera með í Carnegie Hall og við vorum bara, já! Æðil,“ segir Karen Sturlaugsson, stjórnandi Bjöllukórs Tónlistarskóla Reykjaneshæjar, skelli-hljajandi.



KAREN STURLAUGSSON

Kórinn heldur á fimmtudaginn til Bandaríkjanna þar sem hann tekur þátt í stóru bjöllukórsmóti, Handbell Musicians of America, en þátttakendur á mótinu eru um 700 talsins. Það sem meira er þá hefur bjöllukórnum verið boðið að taka þátt í tónleikum sem fara fram í Carnegie Hall en tónleikarnir eru á vegum Yale University og flutt verður frumsamið verk eftir Julian Revie. „Við vorum til dæmis að æfa með honum í gegnum Skype um daginn, þetta er í annað skipti sem hann „mætir“ á æfingu hjá okkur. Búið að vera alveg ævintýri líkast,“ segir hún alsæl.

„Þetta er bara alveg ótrúlegt ævintýri sem við höfum lent í. Ég fór að skoða möguleikana á því fyrir okkur að fara í tónleikaferð eða eitt-hvað og þá sá ég þetta stóra bjöllumót sem er í Massachusetts í næstu viku og við erum að fara þangað. Yale-háskóli heyrir að ég er að koma með heilan bjöllukór á þetta mót og það er haft samband við mig af því að tónskáldið



Á GÓÐRI STUNDU Bjöllukórinn samastendur af ellefu hressum bjölluleikurum.

vantar bjöllukór til þess að spila í frumsömu verki í Carnegie Hall,“ segir Karen alsæl en auk stjórnanda eru ellefu bjölluleikarar í kórnum.

Karen stofnaði kórinn fyrir þremur árum en sjálf hefur hún leikið á og haft áhuga á bjöllum um langt skeið og stofnaði í fyrsta sinn bjöllukór á Íslandi fyrir rúmum fjórtíu árum. „Ég kom til Íslands árið 1976 til þess að fara í háskóla og þá var ég búin að vera í svona bjöllustarfi úti í Ameríku. Þabbi minn átti bjölluset og ég spurði hann hvort ég mætti fara með það til Íslands og stofnaði í kjölfarið bjöllukór,“ segir Karen

en hún er fædd í Bandaríkjunum en afi hennar og amma fluttu frá Íslandi til Bandaríkjanna í kringum 1920.

„Ég hef alltaf verið mikið í þessu, mér finnst bara svo athyglisverðir þessir bjöllukórar. Þetta er alveg svaka samstarf að láta þetta hljóma sem eina heild,“ segir hún glöð í bragði en eftir bestu vitund Karenar er Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjaneshæjar eini bjöllukórinn sem starfræktur er á Íslandi í dag og heldur reglulega tónleika.

Kórinn efnir til styrktartónleika í Hjómahöll í Reykjaneshæjar í kvöld klukkan átta og á morgun í Háteigskirkju, einnig klukkan átta.

gydaloa@frettabladid.is



Stillanlegur höfuðpúði.
Skemill hentar öllum óháð lengd.
Þægilegt handfang til að stilla halla á baki.

TIMEOUT

Hægindastóll með skemli
Fáanlegur í mörgum útfærslum og litum.

Svart leður og hnota með skemli.

Fullt verð: 379.980 kr.

Tilboðsverð **299.990 kr.**



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Faxafeni 5, Reykjavík, Sími 588 8477

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Dalsbraut 1, Akureyri, Sími: 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði, Sími 456 4566

Verða netlausir í viku og bjóða öllum sem vilja að taka þátt

Birnir Jón Sigurðsson og Arnar Geir Gústafsson auka meðvitund um netnotkun.

Félagarnir Birnir Jón Sigurðsson og Arnar Geir Gústafsson standa fyrir netlausri viku sem tileinkuð er meðvitund um netnotkun.

„Þetta er í rauninni tilraun og athugun þar sem við þrúfum að neita okkur um það að vera á netinu í heila viku með misafgerandi hætti. Sjá hvernig við notum það og hvort við stólum rosalega mikið á það og hvernig það er að vera án þessa tækis sem getur gefið manni afþreyingu hvenær og hvar sem er,“ segir Birnir Jón en tilraunin hefst í dag og stendur fram á sunnudag.

„Þetta er viðburður á Facebook sem er skemmtilega kaldhæðnis-

legt,“ bætir hann við glaður í bragði en rúmlega 220 manns hafa látið sér líka við vikuna á Facebook.

Netlausu vikunni skipta þeir upp í þrjú erfiðleikastig. Það fyrsta lokar á samfélagsmiðla, annað á alla netnotkun nema þá sem tengd er vinnu og þriðja stig er algjör netlokun. Svo er þátttakendur einnig frjálst að smíða sínar eigin reglur. Ástæður átaksins eru handritaskrif hjá þeim félögum og ákváðu þeir að prufa að bjóða fleirum að taka þátt og segir Birnir að þrátt fyrir að hann stóli talsvert á internetið þá kvíði hann ekki mikið fyrir því að vera netlaus í viku.

„Það er aðallega ef maður miss-



SLÖKKVA Á NETINU Arnar Geir og Birnir Jón standa fyrir netlausri viku. MYND/SONJANIKULÁSDÓTTIR

ir af einhverju út af þessu, annars kvíði ég mjög lítið fyrir þessu,“ segir hann hress að lokum. -gló

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga Hjördís@365.is, Sigfríð Örn Einarsson sigfrid@365.is, Svanhildur Ólaf Þorsteinsdóttir svans@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIÖNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Viðarvörn fyrir íslenskar aðstæður



Tryggðu viðnum bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von.

Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður

málning
- það segir sig sjálft -

Útsöluastaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BAUHAUS • Axel Þórarinnsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi Málningarbúðin Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • Ormson Vík, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík

BAKPANKAR

Berglindar
Pétursdóttur



Dansað til að gleyma

Ég fæddist með svo stórkostlegar ristar að ég var send í ballett um leið og ég gat staðið óstudd. Var reyndar eina stelpan í ballett sem átti ekki ballettpils. Og stundum gleymdist að sækja mig í ballett. En það er önnur saga og lengri, sem foreldrar mínir mega hafa á samviskunnni.

TUTTUGU árum seinna rankaði ég við mér og áttaði mig á því að ég var ennþá í dansnámi. Best að vinna sem dansari, hugsaði ég þá með mér, reimaði á mig dansskóna og skræði mig í Félag Íslenskra listdansara.

AÐ vinna sem dansari hljómar örugglega eins og draumur í eyrum einhverra. Að vakna og renna sér ofan í leggþlífarnar, fá sér avókadósneið og dansa svo til að gleyma þangað til maður man ekki neitt.

PESSI lífssýn er mikill misskilningur. Sérta sjálfstætt starfandi dansari, sem er sífellt algengara starf, þá eyðirðu um það bil 80% lífs þíns fyrir framan tölvuna að skrifa skýrslur og umsóknir til þess að réttlæta hverja einustu krónu sem þér er veitt til að fjármagna stórkostlega list. Starfir þú innan vébanda ríkisrekings dansflokks sinnirðu oft starfi verkfæris einhvers sárþjáðs danshöfundar sem tekur innibyrðga reiði sína úr æsku út á þér. Og þú þjónast á líkama þínum út í eitt, allan daginn, alla daga. Og ferð svo heim og herðir sultaról fjölskyldunnar fyrir svefninn.

BYRJUNARLAUN dansara í Íslenska dansflokknunum eru nefnilega 240 þúsund krónur. Og það er nýbúið að hækka þau, voru nefnilega 215 þúsund kall, hvorki meira né minna. Þeir sem haldast í djöbbinu eru augljóslega ekki þar peninganna vegna. Þetta er fólk með hreina ástríðu fyrir list sinni. Viljum við útrýma slíkri stétt? Alls, alls ekki.

MÉR finnst að við ættum að borga listafólkinu almennileg laun fyrir vinnuna sína. Hún er mikilvæg fyrir samfélag okkar.

HÖFUNDUR er með háskóla-gráðu í samtímadansi.

53,7%

19,6%

FBL

MBL

YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalbestur á
tölublað 18-49 ára. Prentmiðlakönnun
Gallup, jan. - mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

SUMAR TILBOÐ

RÚM EÐA STAKAR DYNUR!

Frábært tækifæri til að
endurnýja hjónarúmið,
eða í gestaherberginu
og/eða í sumarbústaðnum



ROYAL CORINNA

(120x200 cm) Einnig til í öðrum stærðum
Stök dýna 47.816 kr. **NÚ 38.253 kr.**
Með botni 98.036 kr. **NÚ 78.428 kr.**

**ROYAL
LAYLA PLUSH**

(180x200 cm)

Fullt verð 222.500 kr.

NÚ 178.000 kr.

(Innifalið í verði er dýna, rúmbotn og fætur)

ROYAL AVIANA

Hágæða þrjústíjofnunardýna

(120x200 cm) Einnig til í öðrum stærðum

Stök dýna 78.513 kr. **NÚ 62.811 kr.**

Með botni 128.740 kr. **NÚ 102.992 kr.**

rekkjan

H E I L S U R Ú M